FRÉTTABLAÐIÐ
196. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 21. ÁGÚST 2018



Algengt er að kelfdar langreyðarkýr séu drepnar við strendur Íslands. Hér liggur kálfur við hlið móður sinnar í hvalstöðinni í Hvalfirði í gær. Veiðarnar eru umdeildar en Dýraverndarsamband Íslands segir ekki hægt að réttlæta þessa veiði. Ekki sé hægt að tryggja skjóta aflífun dýranna. Bannað er að veiða kýr með kálf á spena. Sjá síðu 6 FRÉTTABLAÐIÐ/HARD TO PORT

# Týndu börnin í verra ástandi en áður

**Oftar hefur verið óskað eftir liðsinni lögreglu í ár en í fyrra við að hafa uppi á týndum ungmennum. Að mati sérfræðings hjá lögreglunni eru mörg þeirra í verra ástandi en áður og þurfa á neyðarvistun á Stuðlum að halda í ríkari mæli. Hann segir eitthvað að í kerfinu.**

**SAMFÉLAG** Það stefnir í metár í leit að týndum ungmennum að mati Guðmundar Fylkissonar lögreglufulltrúa. Ungmennin eru í verra ástandi en áður hefur þekkst og fleiri börn fara beint í neyðarvistun á Stuðlum eftir að þau koma í leitirnar.

„Við erum búin að fá fleiri tilkynningar um týnd ungmenni nú en á sama tíma í fyrra. Það sem er líka breytt er að hlutfallslega eru fleiri börn að fara beint á neyðarvistun á Stuðlum en hér áður fyrr. Í fyrra fór um eitt barn á Stuðla fyrir hver tvö börn sem fóru beint heim en nú er hlutfallið að nálgast 50 prósent sem fer á Stuðla," segir Guðmundur. „Við erum að finna þau í verra ástandi en áður. Það vantar úrræði fyrir þau ungmenni sem eru verst sett. Það er eitthvað sem er ekki alveg að virka í kerfinu fyrir ákveðinn hóp."

Arna Sif Jónsdóttir, stjórnarmaður í Olnbogabörnum, tekur undir að meðferðarúrræði fyrir ungmenni í dag séu ekki góð. „Að okkar mati er gripið allt of seint inn í og svo vantar samfellu í meðferðina. Einnig er ekki hægt að koma ungmennum að í geðlækningum ef þau eru komin í smá fikt, þá er bara lokað og vísað á meðferðir," segir Arna Sif. „Ég upplifði sjálf á sínum tíma líkt og þetta væri ákveðinn fórnarkostnaður sem ríkinu fannst ásættanlegur."

Guðmundur segir að ungmennin tjái þeim oft að auðvelt sé að nálgast læknadóp. „Í spjalli við þau finnur maður að þau eru í læknadópi og eiga auðvelt með að nálgast það." **– sa**

**63%**

**fleiri leitarbeiðnir hafa borist í ár en bárust að meðaltali árin 2015 til 2017.**

## Skálmöld og Sinfó í Hörpu

**MENNING** Skálmöld og Sinfóníuhljómsveit Íslands, ásamt Karlakór Reykjavíkur, kammerkórnum Hymnodia og Barnakór Kársnesskóla, blása til veislu næstu daga í Hörpu sem rúmlega 7.200 manns munu njóta.



„Hæfileikarnir í þessari sinfóníuhljómsveit eru svo ævintýralegir. Manni líður stundum eins og það sé ekki mannlegt hvað þessi hljómsveit er góð," segir Snæbjörn Ragnarsson í Skálmöld en æfingar hófust í gær fyrir komandi verkefni sveitarinnar og Sinfóníuhljómsveitar Íslands. **– bb / sjá síðu 30**

## Stór sakamál bíða meðferðar

**SAKAMÁL** Mörg stór sakamál verða til umfjöllunar hjá dómstólum á næstu misserum. Eitt manndrápsmál bíður aðalmeðferðar í héraði og þrjú manndrápsmál bíða úrlausnar í Landsrétti, þar á meðal mál Thomasar Møller Olsen.



Guðmundar- og Geirfinnsmál verða loksins endurupptekin í Hæstarétti í vetur eftir áratugabaráttu. Sömuleiðis svokallað „shaken baby" mál sem lengi hefur beðið endurupptöku. **– aá sjá síðu 4**

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Ágúst Ólafur Ágústsson skrifar um íslensku krónuna. 16

**SPORT** Fram undan eru tveir risaleikir gegn Þýskalandi og Tékklandi hjá stelpunum okkar. 11



**MENNING** Ætlum að spila okkar uppáhalds standarda, segir Sölvi Kolbeinsson. 17

**LÍFIÐ** Mesti listaverkaþjófnaður allra tíma þegar Mónu Lísu var stolið. 20

**PLÚS SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015






## Veður




Hæg, breytileg átt í dag. Dálítil rigning eða súld á austanverðu landinu, en annars skúrir. Hiti 8 til 14 stig.
SJÁ SÍÐU 14

# Hótelturn rís á Skúlagötu



Umsókn vegna byggingar 195 herbergja hótels á 17 hæðum og allt að 6 hæða fjölbýlishúss með 31 íbúð á Skúlagötu 26 er til meðferðar hjá skipulagsyfirvöldum. Rauðsvík ehf. stendur að hótelinu sem verður í tvö til þrjú ár í byggingu. Radisson-keðjan hyggst reka hótelið. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Vopnaður unglingur við Varmárskóla

**LÖGREGLUMÁL** Sérsveit lögreglu var kölluð að Varmárskóla í Mosfellsbæ síðdegis í gær. Lögreglu hafði þá borist símtal þar sem viðkomandi tilkynnti að hann væri vopnaður skotvopni og stuðbyssu og hafði í hótunum. Þetta kemur fram í tilkynningu frá lögreglu.

Fjölmennt lið lögreglu fór á vettvang og leit hófst að viðkomandi. Í ljós kom við nánari athugun að tilkynnandi var tæplega 14 ára piltur sem áður hefur komið við sögu lögreglu. Lögregla hafði hendur í hári piltsins og í framhaldinu var honum komið í hendur barnaverndaryfirvalda. – ph



# Rekstrarhagnaður Reita eykst

**VIÐSKIPTI** Rekstrarhagnaður Reita á fyrri árshelmingi samanborið við sama tímabil 2017 jókst um 3,6 prósent og nam 3.731 milljón króna. Leigutekjur á fyrri helmingi ársins 2018 námu 5.578 milljónum króna samanborið við 5.282 milljónir á síðasta ári. Gert er ráð fyrir því að rekstrarhagnaður ársins verði á bilinu 7.450 til 7.600 milljónir króna.

„Undanfarin misseri hafa einkennst af stöðugleika, háu leiguhlutfalli og ágætum vexti tekna,“ segir Guðjón Auðunsson, forstjóri Reita, í tilkynningu í tengslum við uppgjör fyrri árshelmings.

Í byrjun september er gert ráð fyrir að kaup Reita á Vínlandsleið ehf. gangi í gegn. Umfang kaupanna er 5.900 milljónir króna en um er að ræða 18 þúsund fermetra húsnæði í fullri útleigu.

Kringlan er sem fyrr verðmætasta eign Reita en á svæðinu er nú gert ráð fyrir mikilli uppbyggingu með blandaðri byggð íbúða, verslunar og þjónustu. – khn




**Miklar breytingar eru fyrirhugaðar við Kringluna.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Ástralía og Nýja Sjáland
Sigling frá Sydney til Auckland | 2. - 24.nóvember | 2 sæti laus



vita
Verð frá: 879.900 kr.
og 12.500 Vildarpunktar.
Á mann m.v. 2 í Concierge klefa með svölum.
Verð án Vildarpunkta: 889.900 kr.
Fararstjóri er Héðinn Svarfdal Björnsson
VITA | Skógarhlíð 12 | Sími 570 4444 | VITA.IS

# Ekki sérstakur áhugi á heimsfrægð hjá Ólafi

**Ólafur Darri Ólafsson hefur náð langt í heimi kvikmyndanna. Hann fer senn til Bandaríkjanna í tökur á nýrri sjónvarpsseríu, Nosferatu, eftir samnefndri bók. Sýningar eru hafnar hér á landi á myndinni The Meg sem Ólafur Darri leikur í.**

**KVIKMYNDIR** Leikarinn Ólafur Darri Ólafsson fer með hlutverk The Wall í kvikmyndinni The Meg, sem Sambíóin eru byrjuð að sýna. Karakter hans er hluti af teymi sem reynir að handsama risahákarl af tegund sem talin var útdauð fyrir milljónum ára.

Með aðalhlutverk í myndinni fara Jason Statham og Ruby Rose, sem er þekkt úr þáttaröðinni Orange is the New Black.

Ólafur Darri dvaldi í þrjá mánuði á Nýja-Sjálandi fyrir tveimur árum við tökur á myndinni sem var nánast öll tekin þar en einnig að hluta í Kína.

„Þetta er stórmerkilegt land og fallegt. Nýja-Sjálandi svipar að mörgu leyti til Íslands og mætti kannski bara lýsa því sem Íslandi en bara hinum megin á hnettinum. Og með aðeins fleiri tré,“ segir hann.

„Við áttum það sameiginlegt, leikararnir, að vera öll ansi fjarri heimahögunum og við eyddum því miklum tíma saman og fórum oft út að borða saman. Þetta er gott fólk. Maturinn á Nýja-Sjálandi er líka framúrskarandi. Mikið af sjávarmeti, ostrum og svona, sem var frábært. Þetta var bara á heimsmælikvarða.“

The Meg gerist að stærstum hluta neðansjávar og var því tekin upp í vatnstanki.

„Þetta var gert á allan mögulegan hátt. Mikið af þessu var tekið í vatnstanki, sem Baltasar Kormákur notaði síðar að hluta í myndinni sinni Adrift. Svo var þetta skotið úti á sjó og sumt teiknað í tölvum,“ segir Ólafur Darri.

„Við fórum í langa sundþjálfun áður en við byrjuðum í tökum. Það



**Ólafur Darri á frumsýningu The Meg í Los Angeles, ásamt leikstjóranum Jon Turtletaub, lengst til vinstri, og fríðu föruneyti meðleikara.** NORDICPHOTOS/GETTY

er frábært lið af áhættuleikurum og manni líður vel í höndum þessa fólks. Þau leggja sig öll fram við að láta mann líta vel út og taka svo engan heiður fyrir.“

Ólafur Darri lék nýverið í sjónvarpsseríunni The Widow og gamanmyndinni Murder Mystery með Jennifer Aniston og Adam Sandler í aðalhlutverkum.

„Núna eru tökur á Ófærð 2 að klárast og hefjast sýningar í október. Svo held ég bráðum til Bandaríkjanna að leika í sjónvarpsseríu sem nefnist Nosferatu eftir samnefndri bók. Þar fer ég með hlutverk Bing Partridge og verðum við í tökum fram yfir jól,“ segir hann.

Ólafur Darri segist ekki hafa neinn sérstakan áhuga á heimsfrægð, hann vilji bara njóta þess að gera það sem hann hefur ástríðu fyrir.

„Ég hef einbeitt mér að því að reyna að koma mér á framfæri á þessum markaði og það hefur gengið vel.“ – gj

> Ég hef einbeitt mér að því að reyna að koma mér á framfæri á þessum markaði og það hefur gengið vel.
>
> Ólafur Darri Ólafsson




Reykjavíkurmaraþon Íslandsbanka
hlaupastyrkur.is
180818
rmi.is
154 milljónir til góðgerðarfélaga
Takk fyrir að taka þátt í Reykjavíkurmaraþoni Íslandsbanka. Í ár sló áheitasöfnunin öll fyrri met og söfnuðust yfir 154 milljónir króna. Upphæðin rennur óskipt til góðgerðamála. Við þökkum öllum þeim sem hlupu, hétu á hlaupara og hvöttu þátttakendur áfram.
Sjáumst í Reykjavíkurmaraþoni Íslandsbanka 24. ágúst 2019.
#rvkmarathon

# Líffræðikennarar segja skorta raunvísindakennslu í skólum

**MENNTUN** Samlíf, samtök líffræðikennara, lýsir yfir þungum áhyggjum af stöðu raungreina í íslenskum skólum. Í bréfi til Lilju Alfreðsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra, segir stjórn samtakanna að niðurskurður á námsframboði í tengslum við styttingu framhaldsskólanáms í þrjú ár hafi bitnað á raungreinum.

Samtökin segja það vera áhyggjuefni á tímum hnattrænnar hlýnunar og kröfu um sjálfbæra nýtingu auðlinda að nemendur ljúki stúdentsprófi án þess að hafa fengið kennslu í undirstöðugreinum þegar kemur að umgengni okkar við náttúruna.

„Í framhaldi af styttingu framhaldsskólanna væri eðlilegra að fjölga kennslustundum í náttúrugreinum í grunnskóla, sérstaklega með tilliti til þess að þeir sem fara á aðrar brautir en náttúrufræðibraut útskrifast í mörgum tilfellum úr framhaldsskóla án þess að taka einn einasta raungreináfanga,“ segir í bréfinu. Einnig er bent á að verkleg kennsla í raungreinum hafi dregist saman og að fáir skólar hafi tök á að bjóða upp á verklegar æfingar og vettvangsferðir.

„Stjórn Samlífs undrast að ráðuneyti sem í orði kveðnu vill fjölga nemendum í raungreina- og tækninámi sporni ekki við þessari skerðingu og kallar eftir að raungreinar; líffræði, efnafræði, eðlisfræði og jarðfræði, verði ríkur hluti af íslensku stúdentsprófi,“ segir í bréfinu. **– aá**



**Stytting náms er sögð hafa bitnað á raungreinakennslu** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Bæði gömul og ný stór sakamál leidd til lykta með dómi á komandi misserum

**Mörg stór sakamál verða til umfjöllunar hjá dómstólum á næstu misserum. Eitt manndrápsmál bíður aðalmeðferðar í héraði, þrjú manndrápsmál bíða úrlausnar í Landsrétti, þar á meðal mál Thomasar Møller Olsen. Guðmundar- og Geirfinnsmál verða loksins endurupptekin í Hæstarétti í vetur eftir áratugabaráttu. Sömuleiðis svokallað „shaken baby“ mál sem lengi hefur beðið endurupptöku.**

**DÓMSMÁL** Allmörg sakamál sem vakið hafa mikla athygli bíða úrlausnar dómstólanna í vetur. Aðalmeðferð verður í næstu viku í Héraðsdómi Vesturlands í máli Vals Lýðssonar sem ákærður er fyrir að hafa orðið bróður sínum að bana á bænum Gýgjarhóli 2 í Árnessýslu. Nokkur manndrápsmál bíða einnig meðferðar í Landsrétti.

Mál Thomasar Møller Olsen verður tekið fyrir síðar í haust og meðal þess sem ætla má að tekist verði á um eru akstursleiðir þær sem Thomas ók morguninn örlagaríka en í matsgerð sem dómkvaddur haffræðingur skilaði nýlega segir að líkami Birnu Brjánsdóttur hafi verið settur í sjó mun lengra frá þeim stað sem lögregla hafði áður talið.

Tvö önnur manndrápsmál bíða úrlausnar Landsréttar. Annars vegar mál Dags Hoe Sigurjónssonar sem fékk 17 ára dóm í vor fyrir manndráp og tilraun til manndráps á Austurvelli í desember í fyrra. Hins vegar mál Khaled Cairo sem fékk 16 ár fyrir morðið á Sanitu Brauna á Hagamel í september. Fyrir héraðsdómi hafði verjandi hans krafist sýknu í málinu á þeim grundvelli að Cairo væri ósakhæfur.

Í Hæstarétti verða tvö þekkt og afar umdeild manndrápsmál til umfjöllunar í vetur. Annars vegar Guðmundar- og Geirfinnsmál sem verða endurupptekin eftir áratuga baráttu dómþola og aðstandenda þeirra. Hins vegar hið svokallaða „shaken baby“ mál Sigurðar Guðmundssonar en búast má við að það verði sett á dagskrá Hæstaréttar á haustmisseri.



**›› Mál Sævars, Kristjáns Viðars og annarra dómþola í Geirfinnsmáli verður á dagskrá Hæstaréttar í vetur.**

Af öðrum málum sem vakið hafa mikla athygli má nefna mál Sindra Þórs Stefánssonar sem skaut upp á stjörnuhimininn eftir strok af Sogni sem dró vandræðalegan dilk á eftir sér fyrir lögregluyfirvöld. Ekki liggur enn fyrir hvenær mál Sindra verður þingfest í Héraðsdómi Reykjaness en ákæra hefur verið gefin út á hendur honum fyrir þjófnað á 600 tölvum sem enn hafa þó hvergi fundist.

Einnig má nefna mál Sveins Gests Tryggvasonar sem bíður meðferðar í Landsrétti. Sveinn Gestur fékk sex ára dóm fyrir alvarlega líkamsárás sem leiddi til dauða Arnars Aspar í Mosfellsdal í fyrra. Málið vakti mikla athygli í fyrra vegna æsingsóráðsheilkennis sem talið er hafa átt þátt í dauða Arnars. Sveinn Gestur sat í gæsluvarðhaldi í heilt ár vegna málsins. Síðasti úrskurður gekk í mars með þeim úrskurðarorðum að Sveinn skyldi sæta gæsluvarðhaldi þar til dómur gengur í Landsrétti en þó ekki lengur en til 15. júní. Þar sem mál hans hefur enn ekki verið tekið fyrir í Landsrétti er Sveinn Gestur frjáls ferða sinna.



**Sveinn Gestur Tryggvason, Khaled Cairo og Dagur Hoe Sigurjónsson bíða allir úrlausnar Landsréttar í sínum málum.**

Landsréttar bíða einnig nokkur stór kynferðisbrotamál sem dæmt var í í héraði fyrr á árinu. Má þar nefna mál Þorsteins Halldórssonar sem fékk sjö ára fangelsi í héraði fyrir alvarleg og ítrekuð kynferðisbrot gegn ungum pilti. Þá hefur sýknudómi í máli stuðningsfulltrúa hjá Reykjavíkurborg sem ákærður var fyrir gróf kynferðisbrot einnig verið áfrýjað til Landsréttar.

**adalheidur@frettabladid.is**



**Thomas Møller Olsen.**

## Mál sem bíða meðferðar hjá dómstólum

**Héraðsdómstólar:**
- Mál Vals Lýðssonar. Ákærður fyrir að hafa orðið bróður sínum að bana.
- Mál Vigfúsar Jóhannessonar. Ákærður fyrir alvarleg brot gegn þroskaskertri konu.
- Mál Sindra Þórs Stefánssonar. Ákærður fyrir tölvuþjófnað.

**Landsréttur:**
- Mál Thomasar Møller Olsen. 19 ár fyrir morðið á Birnu Brjánsdóttur og fíkniefnasmygl.
- Mál Dags Hoe Sigurjónssonar. 17 ár fyrir manndráp og tilraun til manndráps á Austurvelli í fyrra.
- Mál Khaled Cairo. 16 ár fyrir morðið á Sanitu Brauna.
- Mál Sveins Gests Tryggvasonar. 6 ár fyrir alvarlega líkamsárás sem leiddi til dauða Arnar Aspar.
- Mál Þorsteins Halldórssonar. 7 ár fyrir alvarleg kynferðisbrot gegn ungum pilti.
- Mál stuðningsfulltrúa sem var sýknaður af ákæru í fimm liðum um alvarleg kynferðisbrot.

**Hæstiréttur:**
- Endurupptaka Guðmundar- og Geirfinnsmála.
- Endurupptaka „shaken baby“ máls Sigurðar Guðmundssonar.






# BORÐSTOFUDAGAR

## TILBOÐUM LÝKUR 26. ÁGÚST



**LOU** stóll. Svört eða hvít seta, fætur úr gúmmívið. 11.900 kr. Nú 8.900 kr.



**CAROLINA** stóll. Blátt áklæði, svartir fætur. 12.900 kr. Nú 8.900 kr.



**MAYER** stóll. Svartur með grárri sessu. 13.900 kr. Nú 9.900 kr.



**FOSS** stóll. Dökkgrátt áklæði. 29.900 kr. Nú 19.900 kr.



**ENZO** stóll. Brúnt textílleður. 39.900 kr. Nú 29.900 kr.



**CURVE** borðstofuborð. Hvít laminat borðplata með eikarfótum. 180/280x95 cm. 249.900 kr. Nú 179.900 kr. Innbyggðar framlengingar



**MALLORCA** borðstofuborð. Hvít borðplata með svörtum fótum. 200 x 100 cm. 119.900 kr. Nú 89.900 kr.



**LAKE** borðstofuborð. Gegnheil eik. 200 x 100 x 75 cm. 119.900 kr. Nú 89.900 kr. 150 x 90 x 75 cm. 99.900 kr. Nú 74.900 kr.










**COPENHAGEN** stóll. Ýmsir litir. 19.900 kr. Nú 9.950 kr.

©ILVA áskilur sér rétt að leiðrétta auglýsar villur.

**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 www.ILVA.is
Laugardaga og sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

Netgíró
VALITOR

**FACEBOOK**.COM/ILVAISLAND
**INSTAGRAM**.COM/ILVAISLAND

# Metfjöldi greinst með mislinga í Evrópu það sem af er þessu ári

**HEILBRIGÐISMÁL** Metfjöldi mislingatilfella hefur greinst í Evrópu það sem af er ári. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni. Í tilkynningunni segir að yfir 41 þúsund börn og fullorðnir hafi greinst með mislingasmit það sem af er ári samanborið við tæp 24 þúsund allt árið í fyrra. Stofnunin segir að samkvæmt skýrslum ríkja í Evrópu hafi 37 manns dáið úr mislingum það sem af er ári.



**Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir.**

„Þetta er alvarlegur faraldur og það hefur verið talsvert um dauðsföll. Mér sýnist að um 0,1 prósent þeirra sem sýkjast hafi hreinlega dáið.“ Aðspurður segir Þórólfur þessa háu dánartíðni ekki óeðlilega fyrir þennan sjúkdóm. Þá hafi það mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir aðra að veikjast. „Þess vegna er lögð svona mikil áhersla á að bólusetja og uppræta þennan sjúkdóm.“

Þórólfur segir illa hafa gengið að uppræta sjúkdóminn í nokkrum ríkjum Evrópu þar sem hópar fólks láta ekki bólusetja börnin sín.

„Við höfum blessunarlega sloppið við þetta, jafnvel þótt Íslendingar hafi smitast erlendis og borið smit heim,“ segir Þórólfur og bætir við: „En við getum auðvitað fengið svona faraldra hér og við höfum verið að benda á að við þurfum að ná þátttöku í bólusetningum upp í 95 prósent. Það væri viðunandi því þetta er það smitandi sjúkdómur að þátttakan þarf að vera mikil og útbreidd.“

Samkvæmt skráningum eru í kringum 90 prósent 18 mánaða barna bólusett hér og hlutfallið er 95 prósent hjá 12 ára börnum. Þórólfur segir að hlutfallið hjá 18 mánaða börnum kunni að vera hærra en skráningar bendi til en það sem vanti upp á geti komið til af ýmsum ástæðum. „Kannanir sem við höfum gert sýna hins vegar að við erum ekki að fást við foreldra sem eru á móti bólusetningum,“ segir Þórólfur og telur því ekki ástæðu til að fara í sérstakar aðgerðir gegn slíkum viðhorfum. **– aá**

## Segir kirkjuna hafa brugðist

**PÁFAGARÐUR** Frans páfi segir kaþólsku kirkjunni hafa mistekist að bregðast við kynferðisbrotum presta í sínum röðum. Hann gerði málaflokkinn að umfjöllunarefni í nýjasta páfabréfi sínu, sem stílað er á kaþólikka um allan heim.

Vika er síðan fjölmiðlar greindu frá skelfilegum og oft ítrekuðum brotum presta gegn skjólstæðingum sínum í Pennsylvaníu-ríki, en það sem af er ári hafa kynferðisbrot presta innan kaþólsku kirkjunnar verið til umfjöllunar í Bandaríkjunum, Chile og Ástralíu. Oft snúast þessi mál um tilraunir til yfirhylmingar af hálfu biskupa og erkibiskupa.



**Frans páfi.**

„Það er nauðsynlegt að við getum viðurkennt og fordæmt, með sorg og skömm, þau grimmdarverk sem framin hafa verið af vígðum einstaklingum, og öllum þeim sem falið hefur verið að vernda þá sem minna mega sín,“ ritaði Frans páfi. „Við skulum biðja um fyrirgefningu fyrir syndir okkar og syndir annarra.“

Þetta er í fyrsta sinn sem páfi gerir kynferðisbrot presta að umtalsefni í páfabréfi. **– khn**

# Ekkert nýmæli að kelfdar langreyðarkýr séu drepnar

**Hvalasérfræðingur hjá Hafrannsóknastofnun segir algengt að langreyðarkýr með fóstri séu skotnar hér við land. Dýraverndarsamband Íslands segir ekki hægt að réttlæta þessa veiði. Ekki sé hægt að tryggja skjóta aflífun dýranna. Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra vildi fá að vita um lengd dauðastríðs hvala árið 2014.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Algengt er að langreyðarkýr sem skotnar eru hér við land á sumrin séu kelfdar og eigi nokkra mánuði eftir af meðgöngu. Dýraverndarsamband Íslands telur óeðlilegt að þessi háttur sé hafður á við hvalveiðar.

Langreyðurin sem skorin var í hvalstöð Hvals hf. í Hvalfirði í gær var kelfd. Það sýna myndir sem náðust af verkun kýrinnar. Þrjá menn þurfti til að draga fóstrið af hvalskurðarfletinum.

Gísli Arnór Víkingsson, sérfræðingur hjá Hafrannsóknastofnun, segir það algengt að kelfdar kýr séu skotnar af hvalveiðiskipum. „Það er nokkurs konar regla að langreyðarkýr eigi afkvæmi annað hvert ár. Kálfarnir eru að koma í heiminn um áramótin og kýrin er svo að venja kálfinn af spena um mitt árið,“ segir Gísli. „Það er bannað að skjóta kýr með kálf á spena hér við land og því nokkuð algengt að þær kýr sem eru orðnar kynþroska séu með fóstri.“

Veiði á langreyði hófst í júní og má veiða um 160 dýr. Bannað er að veiða kálfa sem og kýr með kálf á spena samkvæmt reglugerð. Dýraverndarsambandið leggst gegn veiðunum og hefur sagt þær óforsvaranlegar.

„Það getur ekki verið eðlilegt að skjóta þungaðar kýr, það yrði til að mynda ekki leyft í hreindýraveiðum,“ segir Hallgerður Hauksdóttir, formaður Dýraverndarsambands Íslands, sem hefur ályktað harðlega gegn þessum veiðum. „Fyrir það fyrsta eru hvalveiðar, eins og þær eru stundaðar hér á landi, ekki verjandi í ljósi þess að ekki er hægt að tryggja skjóta aflífun dýranna.



**Hér liggur fóstrið á skurðarfletinum við hlið móður sinnar. Myndin var tekin síðdegis í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/HARD TO PORT



**Hallgerður Hauksdóttir.**



**Gísli Víkingsson.**

Bendi ég á tregðu ráðherra til að birta skýrslu um lengd dauðastríðs hvala. Það er alvarlegt að það fáist ekki birt. Hér er um að ræða spendýr með heitt blóð og sýnt hefur verið að dýrin búi yfir greind og skyni eins og önnur spendýr. Það er ekki hægt að réttlæta þessar veiðar.“

Skýrslan sem Hallgerður vitnar til var gerð af norskum sérfræðingi um borð í hvalveiðiskipum Hvals hf. árið 2013. Sigurður Ingi Jóhannsson, þáverandi ráðherra sjávarútvegsmála, sagði að niðurstöðum þeirrar rannsóknar yrði haldið leyndum. Þetta kom fram í svari hans við fyrirspurn Katrínar Jakobsdóttur, núverandi forsætisráðherra, á þingi árið 2014.

sveinn@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ
Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.
Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á www.frettabladid.is/nyskraning. Það kostar ekkert.

Vertu reyklaus

Í eitt skipti fyrir öll með Nicotinell

15% afsláttur af öllu Nicotinell lyfjatyggigúmmí, plástrum og munnsogstöflum.
Afslátturinn gildir út ágúst í verslunum Lyfju.




Nicotinell Mint/Fruit/Lakrids/IceMint/Spearmint lyfjatyggigúmmí, Nicotinell Mint munnsogstöflur, Nicotinell forðaplástur. Inniheldur nikótín.
Til meðferðar á tóbaksfíkn. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

lyfja.is

LYFJA – Lifið heil

# AFTUR Í SKÓLANN!



Skrifum og þurrkum út
**VILDARVERÐ: 1.599.- (stk.)**
Verð áður: 1.999.- (stk.)



Náðu forskoti - verkefnabók
**VILDARVERÐ: 1.299.- (stk.)**
Verð áður: 1.599.- (stk.)



Geitungurinn - verkefnabók
**VILDARVERÐ: 999.- (stk.)**
Verð áður: 1.244.- (stk.)



30% afsláttur

Talnagrind
**TILBOÐSVERÐ: 2.099.-**
Verð áður: 2.999.-



20% afsláttur

Strokleður lítið
**TILBOÐSVERÐ: 79.-**
Verð áður: 99.-



25% afsláttur

Lærðu á líkamann - líkan
**TILBOÐSVERÐ: 1.499.-**
Verð áður: 1.999.-



25% afsláttur

Stíla- eða reikningsbók með gormi
**TILBOÐSVERÐ: 412.-**
Verð áður: 549.-



25% afsláttur

Vísindaþrautir
**TILBOÐSVERÐ FRÁ: 1.349.-**
Verð áður frá: 1.799.-



20% afsláttur

Þrístrendur blýantur
**TILBOÐSVERÐ FRÁ: 167.-**
Verð áður frá: 209.-

## SKÓLAVÖRUR FYRIR ÖRVHENTA



30% afsláttur

Stíla- eða reikningsbók fyrir örvhenta
**TILBOÐSVERÐ: 384.-**
Verð áður: 549.-



30% afsláttur

Yddari fyrir örvhenta
**TILBOÐSVERÐ FRÁ: 538.-**
Verð áður frá: 769.-



30% afsláttur

Skæri fyrir örvhenta
**TILBOÐSVERÐ FRÁ: 503.-**
Verð áður frá: 719.-



30% afsláttur

Reglustikur fyrir örvhenta
**TILBOÐSVERÐ FRÁ: 151.-**
Verð áður frá: 216.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Ísafirði - Hafnarstræti 2

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Húsavík - Garðarsbraut 9

Framúrskarandi fyrirtæki

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Gildistími vildarverða er aðeins í Hallarmúla í dag 23. ágúst eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Vísindaskortur



Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanh@frettabladid.is

Vísindin eru meira en samansafn þekkingar; þau eru ákveðinn hugsunarháttur. Þau eru tól sem við notum til að spyrja alheiminn gagnrýnna spurninga, fullmeðvituð um skeikulleika mannskepnunnar. Ef við fáum ekki tækifæri til að spyrja slíkra spurninga, til að mæta þeim sem segjast hafa sannleikann á reiðum höndum full efasemda, og til að vera efins í garð þeirra sem fara með valdið, þá erum við berskjölduð fyrir áhrifum næsta pólitíska eða trúarlega svikahrapps sem við mætum.“

Þessi örfáu orð voru með því síðasta sem stjarnfræðingurinn og vísindamiðlarinn Carl Sagan sagði á opinberum vettvangi. Stuttu seinna var Sagan allur, eftir erfiða baráttu við krabbamein. Það sem hann vísaði í með orðum sínum var mikilvægi almenns raunvísindalæsis í lýðræðissamfélagi og hversu hættulegt það er þegar samfélag, sem byggir framfarir sínar og velsæld á vísindum og tækni, fjarlægist þessar grunnstoðir svo að aðeins örfáir hafa skilning á þeim.

Það er viss kaldhæðni fólgin í þeirri staðreynd að á tímum meiriháttar framfara í vísindum, sem umbreytt hafa lífi okkar á stuttum tíma, höfum við á sama tíma sífellt minni skilning á þeim vísindum sem búa að baki framförunum. PISA-kannanir undanfarin ár varpa ljósi á þetta. Þær gefa til kynna að læsi íslenskra nemenda á náttúruvísindi hafi hrakað verulega síðasta áratug. Það sama má segja um stærðfræðikunnáttu.

Í Fréttablaðinu í dag er að finna stutta en þó mikilvæga frétt þar sem greint er frá áhyggjum líffræðikennara af hnignandi raungreinakennslu í grunn- og framhaldsskólum. Kennararnir segja styttingu náms hafa bitnað á raunvísindunum, einmitt á þeim tíma þegar þörfin fyrir öflugt vísindalæsi er mest; á tímum loftslagsbreytinga og aukinnar kröfu um sjálfbæra nýtingu auðlinda. Dæmi eru um að einstaklingar hafi lokið stúdentsprófi án þess að taka svo mikið sem einn áfanga í raungreinum.

Það má vafalaust margt betur gera í raungreinakennslu. Hún á að snúast um meira en utanbókarlærdóm, lotukerfið, algebru og frumulíffæri. Börn hafa náttúrulega tilhneigingu til að vilja skilja heiminn, það að okkur hafi mistekist að virkja þennan áhuga er á ábyrgð foreldra, kennara, stjórnmálamanna, samfélagsins alls. Afleiðingarnar af þessu eru ekki aðeins að æ færri gera vísindin að ævistarfi sínu, heldur einnig þær að við förum á mis við mikilvægt tækifæri til að kynnast okkur sjálfum. Bæði hvað varðar það hver við erum sem lífverur, hvaðan við komum og hvert við stefnum, og hvað felst í því að vera manneskja.

Vísindalegur hugsunarháttur krefst gagnrýnnar hugsunar, elju og áhuga. En umfram allt þarfnast vísindin samstarfs. Án samstarfs, þar sem einstaklingurinn verður að reiða sig á heildina, eru vísindin innantómt áhugamál. Þetta samstarf er lykillinn að velgengni mannskepnunnar, á öllum sviðum, og það er forsenda þess að við getum byggt betra samfélag. Okkur ber að virkja áhuga ungmenna á vísindunum. Það mun á endanum örva samfélag okkar enn frekar og hjálpa okkur að vera enn betur í stakk búin til að mæta krefjandi áskorunum í framtíðinni.

**En umfram allt þarfnast vísindin samstarfs.**

## Halldór






## Frá degi til dags

**Líf, ertu að grínast?**
**Einn af hápunktum vel heppnaðrar Menningarnætur voru tónleikar Prins Póló og Hjálma. Bóndinn í Berufirðinum stóðst ekki mátið og kynnti lag sitt, Líf, ertu að grínast?, með tilvísun í ull samnefnds borgarfulltrúa. Það mætti alveg spyrja aðra borgarfulltrúa þeirrar spurningar þessa dagana en lítið lát er á einkennilegum uppákomum í ráðhúsinu. Hvort þær spurningar verði kveikja að fleiri lagasmíðum verður að koma í ljós. Borgarbúar geta allavega þakkað fyrir það að dagskrá Menningarnætur hafi ekki verið ákveðin og skipulögð í borgarstjórn.**

**Boðskapur úr Berufirði**
**Vonandi hafa sem flestir borgarfulltrúar fylgst með tónleikunum og þá sérstaklega lokalagi Prins Póló. Þar syngur hann um hluti í hversdeginum sem geta gert mann alveg brjálaðan. Klósettpappírinn er búinn, þú valdir vitlausa röð í búðinni, einhver fauti stelur af þér bílastæðinu. Við slíkar aðstæður er auðvelt að láta reiðina ná stjórn á sér en við höfum líka val um að gera eins og Prins Póló. Að láta það „slæða“. Það er viðhorf sem kjörnir fulltrúar í borginni mættu taka sér til fyrirmyndar.**

**sighvatur@frettabladid.is**

# Teygjustökk, hækjur og harmonikkur



Ágúst Ólafur Ágústsson
þingmaður

Þeir sem hafa prófað teygjustökk vita að það getur verið gaman að sveiflast niður og síðan upp. Til þess er leikurinn væntanlega gerður. Hins vegar er ekki gott að vera fyrirtæki eða heimili í teygjustökki. Þrátt fyrir það eru íslensk fyrirtæki og almenningur látin sveiflast í teygju íslensku krónunnar svo áratugum skiptir. Þegar krónan teygist niður er gott að vera sjávarútvegsfyrirtæki eða í ferðaþjónustu. Þegar krónuteygjan fer síðan aftur upp er fínt að vera heildsali eða íslenskur ferðamaður erlendis. Og svona gengur þetta, upp og niður, aftur og aftur.

Í raun hefur ekkert OECD-ríki upplifað eins miklar sveiflur í raungengi gjaldmiðils síns eins og Ísland hefur gert undanfarin 15 ár. Forsvarsmenn Samtaka iðnaðarins hafa lýst rekstri íslenskra fyrirtækja í samkeppni við erlend fyrirtæki þannig að það sé eins og „að búa í harmonikku á sveitaballi“.

Þrátt fyrir þetta virðast hagsmunasamtök íslenskra fyrirtækja forðast að ræða þann augljósa vanda sem krónan veldur. Þau vilja frekar ræða um skattalækkanir eða frystingu launa. Ef fyrirtæki vilja stöðugleika þá er hann ekki að finna í krónunni. Sagan og fræðin sýna það.

Og þá vekur það einnig furðu að sum samtök sem láta sig hagsmuni heimilanna varða vilja ekki heldur ræða krónuvandann. Þau vilja bæði lægri vexti og burt með verðtrygginguna en virðast ekki sjá að lausnin á hvoru tveggja er annar gjaldmiðill. Krónan mun alltaf kalla á hærri vexti (en vextir eru í raun ekkert annað en verð á peningum) og verðtryggingu. Líkt og haltur maður þarf hækju mun krónan ætíð þurfa verðtryggingu og vera dýrari en aðrir gjaldmiðlar (hærri vextir).

Leyfum krónunni að sofna svefninum langa og fáum langþráðan stöðugleika í rekstri fyrirtækja og alvöru kjarabætur fyrir almenning. En við megum ekki gleyma að það eru öfl í samfélaginu sem hagnast á krónunni en það eru hvorki þú né þitt litla eða meðalstóra fyrirtæki.

**Og þá vekur það einnig furðu að sum samtök sem láta sig hagsmuni heimilanna varða vilja ekki heldur ræða krónuvandann.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI: Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
RITSTJÓRAR: Kjartan Hreinn Njálsson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, MARKAÐURINN: Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* FRÉTTABLAÐIÐ.IS: Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800, *ritstjorn@frettabladid.is* HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Anton Brink *anton@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Sveitarfélögin skora – boltinn hjá Alþingi



Erna Reynisdóttir
framkvæmdastjóri Barnaheilla – Save the Children á Íslandi

Nú fer sá tími í hönd þegar grunnskólabörn og forráðamenn þeirra hafa flykkst í ritfangaverslanir með innkaupalista í hendi með tilheyrandi streitu og fjárútlátum. En ekki þetta haustið. Nú munu grunnskólabörn víðast hvar fá skólagögnin sín afhent þegar þau mæta í skólann. Komist verður hjá samanburði meðal barnanna – því allir fá eins. Jafnframt má gera ráð fyrir að nýtnin verði betri með þessu fyrirkomulagi og sóun því minni.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa undanfarin misseri haft frumkvæði að því að skora á yfirvöld að afnema kostnaðarþátttöku fjölskyldna vegna skólagagna grunnskólabarna. Áskorunin náði annars vegar til sveitarfélaga þar sem hvatt var til þess að afnema kostnaðarþátttöku grunnskólabarna vegna skólagagna og hins vegar til stjórnvalda um að afnema möguleikann á slíkri gjaldtöku með breytingu á grunnskólalögum. Samkvæmt nýlegri samantekt Barnaheilla njóta nú svo til öll grunnskólabörn á Íslandi gjaldfrjálsrar grunnmenntunar frá og með því skólaári sem nú er að hefjast. Fjöldi foreldra hefur haft samband við samtökin og þakkað fyrir þetta framtak og því ljóst að þessi breyting skiptir miklu máli fyrir fjölskyldur grunnskólabarna, ekki síst barnmargar fjölskyldur. Setningar eins og „svo mikið jafnréttismál“, „okkur munar alveg um tíu þúsund krónurnar“ og „á eftir að bæta líðan barna“ segja allt sem segja þarf um mikilvægi þessa baráttumáls.

**Nú munu grunnskólabörn víðast hvar fá skólagögnin sín afhent þegar þau mæta í skólann.**

Búast má við að einhverjir byrjunarörðugleikar verði og því mikilvægt að heimilin og skólinn hjálpist að og sýni hvort öðru þolinmæði og skilning og láti það ekki bitna á börnunum ef einhverjir hnökrar eru á innleiðingu þessa fyrirkomulags.

Barnaheill hvetja forráðamenn grunnskólabarna til að vera vakandi fyrir því að staðið sé við gefin loforð. Jafnframt hvetja samtökin þá sem búa í þeim örfáu sveitarfélögum sem ekki hafa stigið þetta skref til að skora á sveitarstjórnir sínar að afnema kostnaðarþátttöku eins fljótt og kostur er.

Í 28. grein Barnasáttmálans er kveðið á um að grunnmenntun eigi að vera börnum endurgjaldslaus og það ber að virða. Við hjá Barnaheillum munum ekki unna okkur hvíldar fyrr en Alþingi hefur breytt 31. grein grunnskólalaga á þann veg að enginn vafi leiki á að kostnaðarþátttaka heimilanna í skólagögnum sé óheimil. Það er jafnréttismál að tryggja til framtíðar að öll börn sitji við sama borð varðandi þennan kostnað óháð búsetu.

Barnaheill byggja allt sitt starf á frjálsum framlögum og styrkjum. Nánari upplýsingar um verkefni Barnaheilla og hvernig má styðja við þau er að finna á vefsíðu samtakanna, www.barnaheill.is.

# Hver er ábyrgð okkar í loftslagsmálum?



Ásbjörn Björgvinsson
framkvæmdastjóri Votlendissjóðsins

Víða er enn verið að moka skurði og framræsa votlendi. Það er skiljanlegt þegar bú eru að stækka og bændur vilja hafa ræktarlöndin sem næst búunum en víða eru skurðir sem þjóna ekki lengur neinum tilgangi. Undanfarna áratugi hafa verið grafnir skurðir út um allt land, áætluð heildarlengd þeirra er um 34.000 km. Aðeins um 15% af því landi sem búið er að ræsa fram með þessum hætti er í beinni landbúnaðarnotkun í dag auk þeirra svæða sem nýtt eru sem beitarlönd. Stærstan hluta þeirrar losunar á $CO_2$ sem Ísland telur fram til Loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna má rekja til framræslu votlendis.

Votlendið sem þurrkað hefur verið upp er að losa gríðarlegt magn koltvísýrings, $CO_2$ ,á hverjum degi. Þegar vatnið lækkar hefst niðurbrot gamalla gróðurleifa í mónum. Nokkrar rannsóknir hafa verið gerðar hérlendis á losun frá framræstu votlendi og búið er að reikna út af sérfræðingum Landbúnaðarháskólans að losunin nemi um 20 tonnum af $CO_2$ á hektara að meðaltali og er það í samræmi við rannsóknir sem gerðar hafa verið í Noregi, Svíþjóð og Skotlandi.

Þetta er stóra samfélagsverkefnið okkar!

Votlendissjóðurinn vill endurheimta votlendi á þeim svæðum sem ekki eru lengur í beinni landbúnaðarnotkun til að stöðva losun á $CO_2$ með einföldum og varanlegum hætti. Ábyrgð okkar er mikil því áhrif losunar er farin að valda búsifjum víða í heiminum. Við getum lagt okkar lóð á vogarskálarnar með endurheimt votlendis á Íslandi. Við skorum á landeigendur, bændur og alla sem vilja sýna samfélagslega ábyrgð að hafa samband við okkur til að bjóða fram skurði sem ekki þjóna lengur neinum tilgangi svo hægt verði að loka þeim og draga þar með úr losun gróðurhúsalofttegunda.

skattur.is

Til forráðamanna hlutafélaga, einkahlutafélaga og annarra skattskyldra lögaðila um skil á skattframtali 2018

Áminning um framtalsskil lögaðila

Álagning opinberra gjalda á lögaðila árið 2018 vegna rekstrarársins 2017 fer fram í september nk. Athugið að álagningin er nú mánuði fyrr á ferðinni en áður.



Forráðamenn lögaðila, sem enn hafa ekki staðið skil á skattframtali 2018 ásamt ársreikningi, eru hvattir til að annast skil hið allra fyrsta.

Skráður lögaðili skal ætíð skila skattframtali vegna undangengins reikningsárs þrátt fyrir að engin eiginleg starfsemi eða rekstur hafi átt sér stað á reikningsárinu.

Félög eiga jafnframt að skila ársreikningi til Ársreikningaskrár.

Skattframtali og ársreikningi ber að skila rafrænt á skattur.is.

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

rsk@rsk.is

442 1000
Þjónustuver opið:
Mán.-fim. 9:00-15:30
Fös. 9:00-14:00

STOFNUN ÁRSINS 2018

FRÉTTABLAÐIÐ
# SPORT

## Valsmenn komnir í lykilstöðu eftir sigur í Kópavogi



**Dýrmæt þrjú stig** Íslandsmeistarar Vals gerðu góða ferð í Kópavoginn og unnu 1-3 sigur á Breiðabliki í stórleik 17. umferðar Pepsi-deildar karla í gær. Með sigrinum komust Valsmenn á topp deildarinnar. Þeir eru með 35 stig, einu stigi meira en Blikar og eiga auk þess leik til góða. Á myndinni sést Patrick Pedersen elta Oliver Sigurjónsson. Pedersen skoraði tvö marka Vals í leiknum. Hann er næstmarkahæstur í deildinni. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Nýjast

**Pepsi-deild karla**

**Breiðablik - Valur 1-3**
0-1 Patrick Pedersen, víti (34.), 0-2 Pedersen (45.), 1-2 Thomas Mikkelsen (70.), 1-3 Dion Acoff (82.).

**Fjölnir - Víkingur R. 2-2**
1-0 Ægir Jarl Jónasson (37.), 1-1 Rick Ten Voorde (53.), 1-2 Arnþór Ingi Kristinsson (73.), 2-2 Guðmundur Karl Guðmundsson (90+4.).

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Valur | 35 | KA | 22 |
| Breiðablik | 34 | ÍBV | 22 |
| Stjarnan | 32 | Víkingur R. | 19 |
| KR | 27 | Fjölnir | 16 |
| FH | 24 | Fylkir | 16 |
| Grindavík | 24 | Keflavík | 4 |

**Inkasso-deild karla**

**Víkingur Ó. - Þróttur R. 3-4**
1-0 Kwame Quee (20.), 2-0 Gonzalo Zamarano Leon (25.), 2-1 Viktor Jónsson (45.), 2-2 Daði Bergsson (45.), 2-3 Viktor (66.), 3-3 Ívar Reynir Antonsson (75.), 3-4 Viktor (88.).

**Inkasso-deild kvenna**

**Fylkir - Keflavík 3-0**
1-0 Marija Radojicic (14.), 2-0 Margrét Björg Ástvaldsdóttir (36.), 3-0 Radojicic (76.).

**Enska úrvalsdeildin**

**C. Palace - Liverpool 0-2**
0-1 James Milner, víti (45.), 0-2 Sadio Mané (90+3.).
**Rautt spjald:** Aaron Wan-Bissaka, C. Palace (75.).

# Silfurstrákar bjuggust við að ná langt

**Ísland náði í sín fimmtu verðlaun á stórmótum yngri landsliða karla í handbolta þegar U-18 ára liðið varð í 2. sæti á EM í Króatíu sem lauk um helgina. KA-maðurinn Dagur Gautason var valinn í úrvalslið EM og komst þar með í góðan hóp íslenskra handboltamanna.**

**HANDBOLTI** Leikmenn og þjálfarar U-18 ára liðs karla í handbolta sem vann til silfurverðlauna á EM í Króatíu um helgina komu til landsins í gær. Strákarnir fengu góðar móttökur í höfuðstöðvum HSÍ þar sem haldið var hóf þeim til heiðurs.

„Þetta var frábært þótt það sitji enn í manni að hafa ekki klárað úrslitaleikinn,“ segir Dagur Gautason, einn af lykilmönnum íslenska liðsins, í samtali við Fréttablaðið.

Þetta eru fimmtu verðlaunin sem íslenskt karlalið vinnur til á stórmóti yngri landsliða. Árið 1993 vann Ísland til bronsverðlauna á HM U-21 árs í Egyptalandi. Í því liði voru leikmenn á borð við Ólaf Stefánsson, Dag Sigurðsson og Patrek Jóhannesson.

Ásgeir Örn Hallgrímsson, Arnór Atlason og Björgvin Páll Gústavsson fóru fyrir íslenska U-18 ára liðinu sem varð Evrópumeistari 2003. Heimir Ríkharðsson stýrði U-18 ára liðinu þá, líkt og hann gerir í dag.

Árið 2009 lenti Ísland í 2. sæti á HM U-18 ára og sex árum síðar í 3. sæti á sama móti.

### Fimmti í úrvalsliði

Haukur Þrastarson var valinn besti leikmaður EM 2018 en Selfyssingurinn átti frábæra leiki í Króatíu. Hann var jafnframt þriðji markahæsti leikmaður mótsins. Þá var Dagur valinn í úrvalslið EM. Hornamaðurinn snjalli frá KA skoraði fjögur mörk í úrslitaleiknum gegn Svíþjóð og 29 mörk alls á mótinu.

„Þetta kom svolítið á óvart en ég er mjög stoltur,“ segir Dagur. Hann er fimmti Íslendingurinn sem er valinn í úrvalslið stórmóta yngri landsliða karla. Ásgeir Örn og Arnór voru valdir í úrvalslið EM U-18 ára 2003, Aron Pálmarsson og Ólafur Guðmundsson í úrvalslið HM U-18 ára 2009 og Óðinn Þór Ríkharðsson í úrvalslið HM U-18 ára 2015.

Fyrir utan Hauk er Viktor Gísli Hallgrímsson sennilega þekktasta nafnið í íslenska silfurliðinu. Hann hefur varið mark Fram undanfarin tvö tímabil og vakið athygli fyrir góða frammistöðu.

Viktor segir að íslensku strákarnir hafi fyrirfram verið nokkuð bjartsýnir á að ná góðum árangri á EM í Króatíu.

### Þýskaland gott viðmið

„Við bjuggumst alveg við að ná langt. Þýskaland er með sterkari liðum í þessum aldursflokki og við höfum alltaf strítt þeim. Það var gott viðmið,“ segir Viktor en Ísland vann Þýskaland, 22-23, í fyrri leik sínum í milliriðli. Með sigrinum tryggði íslenska liðið sér sæti í undanúrslitum þar sem það vann heimalið Króatíu, 30-26.

Viktor var nokkuð ánægður með frammistöðu sína á EM. „Ég var mjög sáttur með byrjunina en ég hefði mátt verja fleiri skot í síðustu tveimur leikjunum,“ segir Viktor að lokum. ingvithor@frettabladid.is

### Silfurlið Íslands á EM U-18 ára 2018

**Markverðir:**
Viktor Gísli Hallgrímsson, Fram
Sigurður Dan Óskarsson, Val

**Hornamenn:**
Dagur Gautason, KA
Stiven Tobar Valencia, Val
Þorleifur Rafn Aðalsteinsson, Fjölni

**Skyttur:**
Haukur Þrastarson, Selfossi
Viktor Andri Jónsson, Val
Arnór Snær Óskarsson, Val
Hafsteinn Óli Ramos Rocha, Fjölni

**Miðjumenn:**
Tumi Steinn Rúnarsson, Aftureldingu
Einar Örn Sindrason, FH
Goði Ingvar Sveinsson, Fjölni

**Línumenn:**
Tjörvi Týr Gíslason, Val
Eiríkur Guðni Þórarinsson, Val
Jón Bald Freysson, Fjölni
Arnar Máni Rúnarsson, Fjölni

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS

Nánar er fjallað um silfurstrákana okkar og afrek þeirra á +Plús síðu Fréttablaðsins.

**Fréttablaðið +Plús síður eru eingöngu í Fréttablaðs-appinu eða í PDF-útgáfu blaðsins sem er aðgengileg á frettabladid.is.**





Þjálfarateymið slær á létta strengi á blaðamannafundinum í höfuðstöðvum KSÍ í gær þegar leikmannahópurinn var kynntur. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Erum búin að bíða spennt eftir þessum leikjum

**FÓTBOLTI** Freyr Alexandersson, þjálfari íslenska kvennalandsliðsins í knattspyrnu, tilkynnti í gær hvaða 23 leikmenn hann hefði valið í næsta verkefni kvennalandsliðsins. Fram undan eru tveir risaleikir á heimavelli gegn Þýskalandi og Tékklandi þar sem Ísland getur komist í fyrsta sinn í lokakeppni HM í kvennaflokki. Hefst það með leik gegn Þýskalandi þar sem sigur tryggir endanlega sæti á HM en með jafntefli er Ísland með örlögin í eigin höndum fyrir lokaleik riðilsins.

Það efast enginn um að Þýskaland er með eitt af bestu landsliðum heims í kvennaflokki. Áttfaldur Evrópumeistari, tvöfaldur heimsmeistari og vann til gullverðlauna á Ólympíuleikunum 2016 en Ísland sótti þrjú stig þegar liðin mættust ytra fyrir tæpu ári.

Íslenska landsliðið verður án tveggja lykilleikmanna í leikjunum tveimur og mun eflaust sakna Hörpu Þorsteinsdóttur og Dagnýjar Brynjarsdóttur í leikjunum.

„Þetta eru leikir sem við erum búin að bíða eftir í langan tíma, við vorum alltaf með það markmið að þetta yrðu úrslitaleikir. Þýska landsliðið er með frábæra sögu og frábæra leikmenn úr bestu deild heims en við sýndum að við getum unnið þær. Það gefur okkur sjálfstraust og við trúum því að við getum unnið með okkar besta leik,“ sagði Freyr sem var vongóður um að byggja mætti á þeirri frammistöðu.

„Við munum nálgast hann aðeins öðruvísi en með sömu grunnáherslur. Það er meira sjálfstraust í þýska hópnum í dag sem við þurfum að finna lausn á.“

Hann sagði það áfall að missa Hörpu svona stuttu fyrir leik en var undir það búinn.

„Við vorum búin að horfa á það að hún heldur bolta ofboðslega vel og það er mikill missir að því,“ sagði Freyr og hélt áfram:

„Ég er búinn að fara í gegnum það mörg meiðsli með kvennalandsliðið að ég leyfi mér ekki að hugsa neikvætt. Ég var búinn að undirbúa plan b og tók lokasímtal við Hörpu í gær þar sem ákvörðunin var tekin. Þegar hún dettur út þarf aðeins að endurskoða leikskipulagið okkar.“

Það verður missir að Hörpu og Dagnýju í föstum leikatriðum.

„Dagný er sennilega ein af fimm bestu í heiminum þegar kemur að skallaeinvígjum. Klárlega hefði verið betra að hafa hana til taks en hún fann það sjálf að þetta myndi ekki ganga og lét mig vita. Ég var undir það búinn.“ – **kpt**


ÁRSFUNDUR HÁSKÓLA ÍSLANDS 2018
Undirstaða atvinnulífs og framfara
Fimmtudaginn 23. ágúst 2018 kl. 9.00-10.30 í Hátíðasal, Aðalbyggingu.
Dagskrá
08.30 Velkomin – húsið opnað með morgunhressingu
09.00 Háskóli Íslands í hnotskurn
09.10 Ávarp mennta- og menningarmálaráðherra – Lilja Dögg Alfreðsdóttir
09.20 Framtíðin, hún er hér – Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands
09.40 Sýn stúdenta til framtíðar – Elísabet Brynjarsdóttir, forseti Stúdentaráðs
09.50 Ársreikningur Háskóla Íslands 2017 – Jenný Bára Jensdóttir, sviðsstjóri fjármálasviðs
10.05 Nýsköpun í Háskóla Íslands
Nýsköpun er okkar mál – Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, aðstoðarrektor vísinda
Nýsköpunarkennsla: Háskóli Íslands og umheimurinn – Magnús Þór Torfason, lektor við Viðskiptafræðideild
Vísindin efla – Hilmar B. Janusson, forstjóri Genís og formaður stjórnar Vísindagarða Háskóla Íslands
Ávinningur af samstarfi atvinnulífs og akademíu á nýsköpun, rannsóknir og kennslu – Sesselja S. Ómarsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Alvotech og prófessor við Lyfjafræðideild
Fundarstjóri: Steinunn Gestsdóttir, aðstoðarrektor kennslu og þróunar
HÁSKÓLI ÍSLANDS



brimborg
Öruggur staður til að vera á
Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000
Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050
Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16
ford.is



# Silfurstrákunum fagnað

Íslenska karlalandsliðið í handbolta skipað leikmönnum 18 ára og yngri vann til silfurverðlauna á EM í Króatíu sem lauk á sunnudaginn. Íslendingar töpuðu fyrir Svíum í úrslitaleiknum, 32-27. Haukur Þrastarson var valinn besti leikmaður EM og Dagur Gautason í úrvalslið mótsins. Íslensku strákarnir komu til landsins í gær og fengu góðar móttökur í hátíðarsal ÍSÍ. Þangað mættu forráðamenn Handknattleikssambands Íslands, fjölskyldur leikmanna og fjölmiðlar og tóku á móti silfurstrákunum.











GLAMOUR

# Verslunarhandbók Glamour og Smáralindar er komin út!




*Kíktu við í Smáralind og gríptu með þér frítt eintak!*



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Þór Arason**
Skagaströnd,

sem lést laugardaginn 11. ágúst 2018 verður jarðsunginn frá Hólaneskirkju á Skagaströnd laugardaginn 25. ágúst kl. 14.00.

**Fjóla Jónsdóttir**
**Ari Jón Þórsson**
**Þórarinn Kári Þórsson** **Ann Þórsson**
**Atli Þór Þórsson** **María Gunnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Grímur M. Björnsson**
tannlæknir,
til heimilis að Hrauntungu 7, Kópavogi,

lést að Hrafnistu í Hafnarfirði aðfaranótt 17. ágúst. Útför auglýst síðar.

**Ragnheiður Þóra Grímsdóttir**
**Björn Grímsson**
**Lísbet Grímsdóttir**
**V. Soffía Grímsdóttir**
**Margrét Rósa Grímsdóttir**
**Magnús Orri Grímsson**
**tengdabörn, afabörn og langafabörn.**



✝

Ástkær eiginmaður minn og besti vinur, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Sigurður Karl Leósson**
bifreiðastjóri frá Hólsseli á Fjöllum, Holtateigi 13, Akureyri,

lést fimmtudaginn 9. ágúst. Jarðarförin fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 24. ágúst kl. 13.30. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Sjúkrahúsið á Akureyri og Heimahlynningu á Akureyri.

**Hólmfríður Guðmundsdóttir**
**Lára Ósk Sigurðardóttir** **Jóhannes H. Ásbjarnarson**
**Ingunn Karen Sigurðardóttir** **Jóhann Sigurðsson**
**Bryndís Gunnarsdóttir** **Bjarni Jónsson**
**Guðmundur Viðar Gunnarsson** **Margrét Svanlaugsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Guðmundur Eyjólfsson**
frá Hömrum, Grímsnesi, til heimilis í Veghúsum 1,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi fimmtudaginn 9. ágúst. Útför fer fram frá Bústaðakirkju miðvikudaginn 22. ágúst klukkan 13.00.

**Guðmundur Kr. Guðmundss.** **Sandra R. Gunnarsdóttir**
**Margrét E. Guðmundsdóttir** **Halldór Heiðar Sigurðsson**
**Eyjólfur B. Guðmundsson** **Idania Guðmundsson**
**Hulda B. Guðmundsdóttir** **Þór Eiríksson**
**Ágúst I. Guðmundsson** **Anna Gunnlaugsdóttir**
**Hanna G. Kristinsdóttir** **Pétur Hjaltested**
**Guðleifur R. Kristinsson**
**Heiðrún Gunnarsdóttir** **Ágúst Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*





Útfararstofa Reykjavíkur ÚTR

Ísleifur Jónsson Útfararstjóri Farsími 821 5353
Steinunn Magnúsdóttir Útfararþjónusta Farsími 861 3441

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn

# Enginn hrepparígur

**Sveitarfélagið Húnaþing vestra er 20 ára. Því er fagnað með viðburðum víðs vegar um svæðið, með áherslu á samverustundir íbúa. Guðný Hrund Karlsdóttir er sveitarstjóri.**

Hver fundurinn rekur annan hjá Guðnýju Hrund Karlsdóttur, sveitarstjóra í Húnaþingi vestra, daginn sem ég falast eftir viðtali við hana vegna tvítugsafmælis sveitarfélagsins. Hún hringir sjálf til baka þegar stund gefst og fyrsta spurning sem hún fær er hvort sé gaman að vera sveitarstjóri í Húnaþingi vestra. „Já, það er reglulega gaman, hér er öflugt samfélag og gott fólk," svarar hún að bragði. „Svo hefur sveitarfélagið verið vel rekið undanfarna áratugi."

Guðný hefur verið við stjórnvölinn í Húnaþingi vestra frá 2014. Það sem einkum heillaði hana við starfið var, að hennar sögn, rekstur í jafnvægi og heita vatnið á svæðinu. „Hér hafa verið umfangsmiklar hitaveituframkvæmdir síðustu þrjú ár og það sem helst brennur á mér núna er áframhaldandi uppbygging á hitaveitunni, ljósleiðaravæðing og bættar vegasamgöngur í sveitarfélaginu, sérstaklega á Vatnsnesi," upplýsir hún.

Undir lok vikunnar verður því fagnað að 20 ár eru frá því sjö hreppar gengu í eina sæng. Sá áttundi bættist við ári síðar, að sögn Guðnýjar. „Fram undan er góð dagskrá sem Menningarfélag Húnaþings vestra hefur veg og vanda af. Þar er meðal annars söguganga um Borðeyri, markaðsdagar, hestamót, tónleikar, bíó, kaffiboð, list- og ljósmyndasýningar, varðeldur og harmónikudansleikur. „Dagskráin dreifist um sveitarfélagið," segir Guðný. „Enda erum við sameinuð og sem betur fer enginn hrepparígur til staðar." **gun@frettabladid.is**



**Guðný er úr Keflavík en var á Reykjaskóla í Hrútafirði einn vetur á sínum tíma.**



✝

Kær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Geir Reynir Tómasson**
fyrrverandi tannlæknir,

andaðist fimmtudaginn 16. ágúst sl. á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Minni-Grund, Reykjavík. Jarðarförin fer fram frá Dómkirkjunni föstudaginn 31. ágúst kl. 15. Blóm og kransar eru vinsamlega afþökkuð en þeim sem vildu minnast hans er bent á Hjálparstarf kirkjunnar.

**Reynir Tómas Geirsson** **Steinunn J. Sveinsdóttir**
**Ernst Elmar Geirsson** **Sigríður Hjaltested**
**Gunnar Kristinn Geirsson**
**barnabörn og langafabörn.**



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar og afa,

**Otto David Tynes**
flugstjóra.

**Bryndís Guðmundsdóttir**
**Sverrir Tynes** **Ása Kolka**
**Salome Tynes** **Pálmi Kristinsson**
**Ottó Davíð Tynes**
**Gunnar Örn Tynes**
**og aðrir aðstandendur.**



✝

Elskuleg móðir mín, systir okkar og frænka,

**Guðný Magnea Guðmundsdóttir**
Boðagranda 7, Reykjavík,

lést á Líknardeild Landspítalans 27. júlí sl. Útför hennar fór fram í Fossvogskapellu í kyrrþey að ósk hinnar látnu 9. ágúst sl.

**Guðmundur Geir Sigurðsson**
**Guðmundur Guðmundsson**
**Þorgerður Guðmundsdóttir**
**Birgitta Bára Hassenstein**
**og fjölskylda.**



✝

Elsku mamma okkar, tengdamamma, amma og langamma,

**Edda Konráðsdóttir**
Vogatungu 31a, Kópavogi,

lést á Landspítalanum í Fossvogi þann 11. ágúst síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Íris Hall** **Sveinn Frímann Bjarnason**
**Arnar Hall** **Þorbjörg Samsonardóttir**
**Þyri Hall** **Eyþór Gunnarsson**
**Konráð Hall** **Rakel Jóhannsdóttir**
**Kristján Hall** **Karen Edda Bergmann Benediktsdóttir**
**ömmubörn og langömmubarn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is**
eða hringja í síma 512 5407.



✝

Ástkær sonur minn, bróðir okkar og mágur,

**Þorsteinn Matthíasson**
verkamaður,
Hraunbæ 158,

er látinn. Útför hans verður gerð frá Lágafellskirkju miðvikudaginn 22. ágúst klukkan 15.00.

**Halldóra Sigríður Gunnarsdóttir**
**Guðrún Anna Matthíasdóttir** **Raphaël Leroux**
**Jón Gunnar Bjarkan** **Tatiana Kalinichenko**
**María Salóme Bjarkan**

Fólk
ÞRIÐJUDAGUR 21. ÁGÚST 2018
Heilsa

# Hlýrra í sjónum en köldu pottunum

Kristín Helgadóttir synti út í Viðey fyrir helgi. Hún segir sjósund gefa sér mikið, bæði heilsufarslega og félagslega. Kristín og fimm vinkonur hennar mynda sjósundshópinn Sækýrnar. Þær héldu nýlega upp á að fimm ár væru liðin frá Ermarsundi þeirra þar sem þær slógu met sem enginn hefur slegið síðan. →2



Kristín Helgadóttir áður en hún lagði syndandi af stað út í Viðey. MYND/ERNIR



**Sigurður P. Sigmundsson, einn reyndasti maraþonhlaupari landsins, gefur þeim sem hlupu í Reykjavíkurmaraþoninu um helgina góð ráð varðandi hvíld og næringu eftir átökin.**

heilsa →4



MFM MATARFÍKNIMIÐSTÖÐIN BÝÐUR UPP Á
30 DAGA AFVÖTNUN FRÁ SYKRI OG MJÖLVA Í SEPTEMBER

Kynningarfundur miðvikudaginn
29.8.18. KL. 17-18 í Síðumúla 33, 108, Reykjavík.
30 DAGA AFVÖTNUN Í SEPTEMBER;
er 4 vikna námskeið fyrir þá sem glíma við ofáts- og þyngdarvanda.

NÁMSKEIÐIÐ GETUR BÆÐI NÝST NÝLIÐUM OG ENDURKOMUFÓLKI!

MFM MIÐSTÖÐIN
Meðferðar og fræðslumiðstöð vegna matarfíknar og átraskana

Síðumúli 33, 108, Reykjavík
568-3868/699-2676
matarfikn@matarfikn.is
www.matarfikn.is

Sólveig Gísladóttir
solveig@frettabladid.is



Framhald af forsíðu

Kristín byrjaði að stunda sjósund fyrir níu árum. „Mig hafði lengi langað að prófa og þegar ég loksins fór var ég upprifin frá fyrstu mínútu," segir Kristín en það sem heillaði hana var bæði áskorunin og sú vellíðan sem fylgdi sundinu.

Hún fer allt upp í daglega í sjósund á sumrin en tvisvar í viku á veturna. Langoftast verður Nauthólsvíkin fyrir valinu en stundum bregður hún út af vananum og fer í Hafnarfjörð eða út á Álftanes. „Einu dagarnir sem ég fer ekki í Nauthólsvík er þegar hitinn fer yfir 20 gráður, þá er einum of mannmargt í víkinni," segir hún glettin.

Kristín segir misjafnt hversu lengi hún syndi í hvert sinn. „Á kaldasta tímanum eru þetta bara nokkur sundtök en yfir sumarið er maður að synda allt upp í einn eða tvo tíma," segir hún. Stundum sé synt yfir í Kópavog en oft líka meðfram ströndinni.

*En þarf ekkert að vera vel á sig kominn til að stunda sjósund?*

„Nei, maður þarf engan veginn að vera íþróttamaður til að stunda sjóbað eða sjósund. Fólk er bara í þessu á eigin forsendum."

Ekki þarf mikinn búnað til að stunda sjósund að sögn Kristínar. „Bara sundbol, sundhettu, blöðkur og gleraugu. Svo bætast við neopren-sokkar og -vettlingar á veturna."

## Mikill heilsuávinningur

Kristín segir sjósundið laga ýmsa kvilla. „Sjálf var ég þjökuð af vöðvabólgu áður en ég byrjaði, át verkjalyf nánast daglega. Nú snerti ég þau varla. Ég er líka miklu betri af ilmefnaofnæmi," segir Kristín sem á fjöldamargar sögur af fólki sem líður betur eftir að það byrjaði að stunda sjósund. „Einn þekki ég sem heldur niðri gigtarverkjum með sjósundi og ein vinkona mín er að mestu laus við áreynsluasma. Ég fór með vin minn sem er parkinsonsjúklingur í sjóinn um daginn. Hann upplifði fyrstu verkjalitlu nóttina sína í mörg ár eftir það," lýsir hún en auk alls þessa hafi sjósundið einnig afar góð áhrif á andlega heilsu.

## Hressar Sækýr

Kristín er hluti af sjósundshópi sem kallar sig Sækýrnar. „Við erum hópur kvenna sem kynntist í Nauthólsvík en við vorum allar að byrja á svipuðum tíma," segir hún og bætir við að sjósundið sé tilvalið til að eignast nýja vini. „Eitt sinn vorum við allar staddar saman í veislu þegar upp kom sú hugmynd að synda boðsund yfir Ermarsund og úr varð að við stofnuðum hópinn Sækýrnar í kringum verkefnið."

Innt eftir nafngiftinni svarar Kristín að þeim hafi þótt sækýr krúttleg dýr. „Svo vildum við hafa eitthvert nafn sem væri líka hægt að nota á ensku, en við vorum skráðar úti sem Manatees."



Sækýrnar héldu upp á að fimm ár væru liðin frá boðsundinu yfir Ermarsund með myndatöku í miðbænum. Kristín Helgadóttir, Ragnheiður Valgarðsdóttir, Kristbjörg Rán Valgarðsdóttir, Sigrún Þ. Geirsdóttir og Anna Guðrún Jónsdóttir. Á myndina vantar Birnu Hrönn Sigurjónsdóttur. MYND/ GÚSTAF GUÐMUNDSSON

## Slógu met í þrautseigju

Mikill undirbúningur liggur að baki slíku sundi. Það þurfti að sækja um leyfi, borga skráningargjöld, ráða skipstjóra og dómara, en enginn fær leyfi til að synda yfir nema í fylgd skips. Heilmikill kostnaður fylgir þessu uppátæki og vinkonurnar söfnuðu styrkjum áður en þær lögðu í hann.

Í boðsundinu syndir hver sundmaður í klukkutíma í senn. Þetta er enginn hægðarleikur og aðstæður voru ekki sem bestar þegar Sækýrnar lögðu í sundið. „Þá var mikið stórstreymi og fullt tungl og straumarnir því afar sterkir. Okkur rak því fram og til baka," lýsir Kristín. Bein lína yfir Ermarsundið er í kringum 34 km en flestir enda á að synda um 60 km. „Við enduðum hins vegar á því að synda 90 kílómetra."

Í heild tók sundið nítján og hálfan tíma. „Það er nú gaman að segja frá því að enginn hópur hefur verið jafn lengi að synda yfir og við. Við fengum meira að segja verðlaun fyrir þrautseigju og þetta met stendur ennþá," segir Kristín og hlær.

## Upprifjun á fimm ára fresti

Kristín hélt upp á fimmtugsafmæli sitt í sundinu. „Ég var 49 ára þegar ég fór ofan í sjóinn og fimmtug þegar ég kom upp úr."

Í tilefni af því að fimm ár væru liðin frá sundinu ákváðu stöllurnar að láta taka mynd af sér á Skólavörðustígnum á dögunum. Þangað mættu þær í sundbolunum með sundfitin og skemmtu bæði sér og vegfarendum bráðvel með uppátækinu. „Þetta ætlum við að gera á fimm ára fresti," segir Kristín glaðlega en Sækýrnar eru greinilega hressar enda ætla þær að endurtaka gjörninginn á fimm ára fresti.

*En eru þær með stóra drauma um að synda eitthvað líkt Ermarsundinu aftur?*

„Nei," segir Kristín ákveðið og hlær. En hún bendir á að ein úr hópnum, Sigrún Þ. Geirsdóttir, hafi farið með öðrum hópi yfir Ermarsundið 2015 og ári síðar hafi hún orðið fyrsta íslenska konan til að synda ein yfir Ermarsund.



Sækýrnar í Dover, rétt fyrir sundið yfir Ermarsund. MYND/JÓHANNES JÓNSSON

## Vaxandi sport

Þegar Kristín byrjaði í sjósundi var hún fljótlega farin að þekkja flesta sem stunduðu sundið. Hún segir það ómögulegt í dag enda alltaf að bætast í hópinn. „Áhuginn fer vaxandi. Við erum duglegar að draga fólk með okkur en svo hefur fólk líka samband til að fá leiðsögn." Kristín telur tilkomu köldu pottanna í laugunum hafa sitt að segja. „Fólk vill fá meiri áskorun og fer þá í sjósundið." Sjálf fer hún ekki í köldu pottana. „Þeir eru allt of kaldir," segir hún glettin.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** 365 miðlar
**Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson

**Umsjónarmenn efnis:** **Sólveig Gísladóttir,** solveg@frettabladid.is s. 512 5351 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Brynhildur Björnsdóttir,** brynhildur@frettabladid.is, s. 512 5347 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 512 5442, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429,

Ferðamálaskólinn

Ævintýralegur starfsvettvangur
Starfstengt ferðafræðinám

Langar þig að starfa í ört vaxandi atvinnugrein
– eða ertu starfandi í ferðaþjónustu?

Ferðamálaskólinn býður upp á fjölbreytt og spennandi nám fyrir fólk á öllum aldri sem er með brennandi áhuga á ferðamálum og Íslandi sem ferðamannalandi.

GETUM BÆTT VIÐ NEMENDUM Á HAUSTÖNN.
KENNSLA HEFST 27. ÁGÚST. Sjá mk.is

Ferðamálaskólinn í Kópavogi
Sími: 594 4020



MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN | FERÐAMÁLASKÓLINN | LEIÐSÖGUSKÓLINN

# Marine Collagen fyrir húð og liði

**Kollagen mýkir liði og öll hreyfing verður auðveldari ásamt því að heilbrigði húðarinnar eykst. Marine Collagen frá Wellness Lab er 100% hreint og inniheldur allar 9 lífsnauðsynlegu amínósýrurnar.**

Kollagen er eitt aðaluppbyggingarprótein líkamans en það er að finna í öllum liðum, liðamótum, vöðvum, sinum og beinum ásamt því að það er stór partur af húð, hári og nöglum. Kollagen er í raun mjög sterkar trefjar en orðið sjálft „collagen“ er komið úr grísku þar sem „colla“ þýðir lím. Því er oft talað um kollagen sem límið í líkamanum. Því það sér fyrst og fremst um að vefir líkamans haldist sterkir,“ segir Hrönn Hjálmarsdóttir, heilsumarkþjálfi hjá Artasan.


Hrönn Hjálmarsdóttir, heilsumarkþjálfi hjá Artasan.

### Framleiðsla minnkar eftir 25 ára aldur

„Heilbrigður líkami framleiðir sjálfur kollagen en um 25 ára aldurinn fer að hægjast á framleiðslunni. Þessar breytingar eru sjáanlegar á húðinni okkar, hrukkur fara að myndast og hún verður „lausari“ á okkur. Einnig byrja vefir líkamans að veikjast og það fer að bera á ýmsum öldrunareinkennum. Við verðum jafnvel aðeins stirðari og finnum fyrir verkjum í liðum og liðamótum. Engin ástæða er þó til að örvænta því rannsóknir hafa sýnt fram á að með reglulegri inntöku á kollagen próteini er hægt að hjálpa líkamanum að vinna á móti minnkandi framleiðslu,“ segir Hrönn.

### 16 tegundir kollagens

Kollagen er prótein sem finnst um allan líkamann og er það u.þ.b. 30% af öllu próteini sem þar er. Þó að það sé að stærstum hluta í dýpri lögum húðarinnar og kannski best þekkt fyrir að halda húðinni þéttri og unglegri, er kollagen einnig að finna í hári, nöglum, liðum og vefjum líffæranna. Til eru að minnsta kosti 16 tegundir af kollageni í líkamanum og um 90% af því eru týpur I, II og III.

### Mýkri liðir og meiri hreyfing

„Regluleg inntaka á hreinu kollageni getur haft gríðarlega góð áhrif á líkamann; bein, sinar og liði og bætt þar með alla hreyfigetu. Það er ekkert verra en að finna til þegar maður hreyfir sig og oft verður það til þess að það dregur úr allri hreyfingu, sem er afar slæmt því það er ekkert betra fyrir heilsuna okkar en dagleg hreyfing. Fyrir þá sem stunda mikla hreyfingu getur neysla á kollageni líka gert gæfumuninn því oft er mikið álag á liði, sinar og vöðva. Marine Collagen frá Wellness Lab Ltd. Er 100% hreint fiskikollagen, týpur I og II, og er það alveg bragðlaust. Það er afar auðvelt í notkun og má nota það í matargerð, bakstur, setja í boostið, út í kaffið eða hvernig sem fólki hugnast og enginn þarf að gleypa pillur.“

> **Regluleg inntaka á hreinu kollageni getur haft gríðarlega góð áhrif á liðina og þar með alla hreyfigetu.**

### Íslensk siglingakona og hönnuður

Elín Traustadóttir er eigandi og hugmyndasmiður Wellness Lab sem framleiðir Marine Collagen. Hún er innanhússhönnuður að mennt en hefur lengi stundað áhugamannasiglingar á Atlantshafi þar sem hugmyndin að fæðubótarefnum fyrir íþróttafólk varð til. Þriggja mánaða sigling um Azoreyjar tók mikið á líkamlega og reyndi mikið á bæði þol, skerpu og styrk. Elín var einnig hrjáð af mikilli sjóveiki sem síðar leiddi til langtíma þreytu og orkuleysis og í kjölfar þessa ferðalags fór hún að byggja sig upp með því að tileinka sér hollara mataræði og fræðast meira um næringu til að fylgja hugmyndum sínum um fæðubótarefni eftir. Elín hefur verið búsett í Bretlandi sl. átta ár og hefur haldið áfram að sigla en hún finnur mikinn stuðning í sínum eigin vörum. Nú fæst hreina kollagenið hennar á Íslandi en vinnslan á því er sjálfbær og gæðavottuð (ISO & GMP), efnið er hreint og án allra auka- eða viðbótarefna þannig að það er 100% náttúrulegt. Varan er mikið keypt af íþróttafólki en einnig af þeim sem þjást vegna liðverkja eða áverka eftir slys.


Elín Traustadóttir er eigandi og hugmyndasmiður Wellness Lab sem framleiðir Marine Collagen. Hún er innanhússhönnuður að mennt en hefur lengi stundað áhugamannasiglingar á Atlantshafi þar sem hugmyndin að fæðubótarefnum fyrir íþróttafólk varð til eftir þriggja mánaða siglingu um Azoreyjar.




### Kollagen í fæðunni

„Þar sem kollagen er í raun náttúruleg afurð, getum við líka fengið það úr ákveðnum mat eins og t.d. kjöt- og fiskibeinasoði og eggjum. Það er einnig gott ráð að auka við þá fæðu sem styður kollagenframleiðslu í líkamanum og er C-vítamín sérlega hjálplegt í þeim efnum, það er að finna í ríkum mæli í t.d. sítrusávöxtum og papriku. Klórella (chlorella) er einnig mjög góð en hana er t.d. að finna í allri blaðgrænu og svo er hún einnig til á duftformi. Fjölmargt annað úr jurtaríkinu styður vel við kollagenframleiðslu líkamans svo það er alltaf gott ráð að borða mikið af hollri og hreinni fæðu,“ segir Hrönn.

Sölustaðir: Lyf og heilsa.

## Kollagen smoothie

**1 stk. safaríkt mangó**
**1 banani**
**2 bollar jógúrt eða mjólk**
**¼ bolli hafrar**
**Appelsínusafi, klakar**
**10 g fiskikollagen**

Setjið allt í blandara og drekkið kalt!





## Próteinpönnsur

**4 dl hveiti**
**4 dl mjólk/súrmjólk**
**2 egg**
**1 banani**
**1 tsk. lyftiduft**
**1 tsk. kardimommu- eða vanilludropar**
**80 g brætt smjör**
**10 g fiskikollagen**

Hrærið allt saman og steikið eins og hefðbundnar pönnsur. Berið fram með berjum, sultu eða hunangi/sírópi.

## Kollacino

**1 espresso skot**
**½ bolli mjólk**
**10 g fiskikollagen**
**Síróp til bragðbætis**

Setjið espresso og kollagen í bolla og freyðið mjólkina. Hellið mjólkinni hægt í bollann og bætið við sírópi. Hrærið hægt og blandið vel.



# Fylla þarf á tankinn eftir hlaup

**Sigurður P. Sigmundsson er einn reyndasti maraþonhlaupari landsins. Hann gefur þeim sem hlupu í Reykjavíkurmaraþoninu um helgina góð ráð varðandi hvíld og næringu eftir átökin.**

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@frettabladid.is



Mikilvægt er að fólk hvíli sig eftir keppni í götuhlaupum. Hversu mikið fer reyndar eftir því í hversu góðu formi fólk er og hversu langa vegalengd það hljóp. Eftir maraþonhlaup hef ég ráðlagt fólki að taka „aktíva“ hvíld í tvær vikur,“ segir Sigurður P. Sigmundsson, einn reyndasti maraþonhlaupari landsins, en hann átti Íslandsmetið í 26 ár, eða til ársins 2011, 2:19:46. Hann gefur hér langhlaupurum síðustu helgar góð ráð varðandi hvíld og næringu.

### Ekki leggjast upp í sófa

„Hvíld er mikilvæg þegar uppbyggingin eftir átökin fer fram. Hins vegar er ekki gott að hvíla alveg í 1–2 vikur samfellt eftir keppni því þá er hætta á að það taki lengri tíma fyrir líkamann að jafna sig,“ segir Sigurður.

„Mikilvægt er að hreyfa sig eitthvað annan hvern dag til að flýta fyrir endurheimt og draga úr myndun strengja og harðsperra. Sú hreyfing þarf ekki endilega að vera hlaup, má vera sund, hjólreiðar eða ganga.“

### „Aktív“ hvíld

„Ég hef lagt áherslu á að fólk hreyfi sig eitthvað strax daginn eftir, til dæmis skokki eða gangi þrjá til fjóra kílómetra, teygi vel og fari svo í heita pottinn. Á öðrum degi eftir heilt maraþon ætti því að hvíla, á þriðja degi mætti skokka eða hjóla 5–6 km, á fjórða degi hvíla, á fimmta degi skokka eða hjóla 7–8 km, hvíla á sjötta degi og síðan skokka eða hjóla 8–10 km á sjöunda degi. Í annarri viku ætti að auka aðeins við þetta.“

### Eftir hálft maraþon

„Eftir hálfmaraþon dugir oftast að taka eina viku í „aktíva“ hvíld. Eftir 10 km hlaupið gætu byrjendur þurft að taka eina viku í „aktíva“ hvíld en þeim sem eru lengra komin dugir að taka 3–4 daga.”

> **”Ekki er gott að hvíla alveg í 1–2 vikur samfellt eftir keppni því þá er hætta á að það taki lengri tíma fyrir líkamann að jafna sig.**

### Fylla þarf vel á tankana

„Það segir sig sjálft að kolvetnahirslurnar hjá þeim sem hlaupa maraþon eru tómar þegar þeir koma í mark. Því þarf ávallt að byrja á að fylla á tankinn strax eftir átökin, með grófu kolvetni, svo sem banana, múslí, grófu brauði, hrísgrjónum eð kartöflum. Ekki ætti að fá sér kökur, sælgæti eða kex.“

### Ekki gleyma prótíninu

„Prótínið er viðgerðarefni líkamans en dagana fyrir hlaup hefur fólk yfirleitt dregið úr neyslu prótíns og fyllt á kolvetnishirslurnar í staðinn. Því þarf að gæta að því að borða vel af prótíni dagana eftir átökin, svo sem kjöt, fisk og egg.

Það er þekkt hjá maraþonhlaupurum að fá sér góða steik að kvöldi hlaupadagsins. Það er meira að segja boðið upp á lambalæri við markið í Reykjavíkurmaraþoninu en það hafa reyndar ekki allir lyst á því strax. En fyrir þá sem geta hugsað sér það er sniðugt að byrja til dæmis á banana strax eftir hlaupið og fá sér svo kjöt tveimur tímum síðar.“



Gróf kolvetni eins og banani, múslí eða gróft brauð eru góð strax eftir hlaup.



Sigurður P. Sigmundsson segir mikilvægt að fylla á prótínbirgðir líkamans eftir langhlaup. Hvíld sé einnig mikilvæg en þó þurfi að hreyfa sig líka fyrstu dagana. Hann mælir með banana strax eftir hlaup og vænni steik um kvöldið. MYND/GVA

HEILSURÆKT

Veglegt sérblað Fréttablaðsins
um heilsurækt kemur út 24. ágúst nk.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss
í langmest lesna dagblaði landsins.



Nánari upplýsingar um blaðið veitir
Jón Ívar Vilhelmsson markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 512 5429 / jonivar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

# ALLT INNIFALIÐ

## MEÐ ÖLLUM LEGSTEINUM



2041
149.900 KR.
~~ÁÐUR: 276.600 KR.~~



2046
270.220 KR.
~~ÁÐUR: 408.900 KR.~~



6010
288.620 KR.
~~ÁÐUR: 431.900 KR.~~



2006
295.820 KR.
~~ÁÐUR: 440.900 KR.~~



115
369.420 KR.
~~ÁÐUR: 532.900 KR.~~



113
297.420 KR.
~~ÁÐUR: 442.900 KR.~~



2021
315.520 KR.
~~ÁÐUR: 451.900 KR.~~



106
319.420 KR.
~~ÁÐUR: 452.900 KR.~~



104
329.420 KR.
~~ÁÐUR: 482.900 KR.~~



118
313.420 KR.
~~ÁÐUR: 462.900 KR.~~



129-3
385.420 KR.
~~ÁÐUR: 552.900 KR.~~

## ÖLL OKKAR VERÐ MIÐAST VIÐ FULLBÚINN STEIN MEÐ UPPSETNINGU

### ÞARF AÐ ENDURNÝJA LETRIÐ Á STEININUM?

GRANÍTHÖLLIN TEKUR AÐ SÉR AÐ HREINSA OG ENDURMÁLA LETUR Á LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM VIÐ AÐ OKKUR AÐ RÉTTA AF LEGSTEINA SEM ERU FARNIR AÐ HALLA.




*Frí uppsetning miðast við uppsetningu á höfuðborgarsvæðinu.
Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.

MÖRKIN 4
108 REYKJAVÍK

Graníthöllin
Legsteinar

SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS

# Lét drauminn rætast

Karen Halldórsdóttir flutti til Kaupmannahafnar fyrir einu og hálfu ári. Hún opnaði nýlega jógastúdíó og djúsbar og kennir jóga í heitum sal.

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is

Rúm vika er síðan Dóttir Hot Yoga Studio var opnað formlega í Sydhavn í Kaupmannahöfn en þar kennir eigandinn, Karen Halldórsdóttir, jóga í 35 gráðu heitum sal, útbýr lífræna heilsudjúsa og sinnir almennum rekstri.

„Mig langaði að breyta til og prófa eitthvað nýtt og ákvað því að flytja til Kaupmannahafnar með dætur mínar fyrir um einu og hálfu ári. Ég pakkaði búslóðinni okkar niður, kom henni í gám og svo flugum við út. Ég var ekki með neitt sérstakt plan heldur var þetta skyndiákvörðun sem átti sér þó nokkurn aðdraganda. Í raun var ég búin að leggja drög að því að flytja til Kaupmannahafnar árið 2009 en sló þeim áformum á frest því ég varð ófrísk að eldri dóttur minni og fannst ekki henta að flytja út með ungbarn. Yngri dóttir mín fæddist svo þremur árum seinna. Kaupmannahöfn hefur alltaf heillað mig og því lá beint við að flytja þangað,“ segir Karen glaðlega en þeim mæðgum líkar afar vel að búa í Danmörku.

„Okkur hefur gengið ágætlega að aðlagast dönsku samfélagi. Dætur mínar hafa náð góðum tökum á tungumálinu og tala núorðið meiri dönsku en íslensku. Sú yngri er fimm ára og sú eldri átta ára. Sjálf er ég enn að læra málið, ég skil dönskuna vel og læri eitthvað nýtt á hverjum degi.“

### Skellti sér í jógakennaranám

Þegar Karen hafði komið þeim mæðgum vel fyrir í Kaupmannahöfn skráði hún sig í 200 tíma jógakennaranám og lauk því fyrr á þessu ári. „Ég ákvað í beinu framhaldi af því að opna mitt eigið stúdíó með áherslu á hot yoga. Ég hef alltaf verið jógi í mér og verið á mottunni minni síðustu sex árin og það hefur ekkert dregið úr því eftir að ég kláraði námið. Ég er mjög hrifin af hot yoga og veit fátt betra en að æfa í hita. Það er góð leið til að hreinsa líkama og sál og komast í tenginguvið sjálfan sig upp á nýtt. Ég kenni hot yoga í tvo tíma á dag og æfi í tvo tíma hjá öðrum kennurum og fæ jafnframt innblástur frá þeim,“ segir Karen brosandi.

> Ég hef alltaf verið jógi og verið á mottunni minni síðustu sex árin og það hefur ekkert dregið úr því eftir að ég kláraði námið.




Karen segir alþjóðlega stemningu hjá Dóttir Hot Yoga Studio.

Hún segir muninn á hot yoga og hefðbundnu jóga helst felast í því að í hot yoga fara tímarnir fram í heitum sal. „Ég kenni í um 35 gráðu heitum sal sem er hitaður upp með innrauðum geislum. Ég kýs að hafa þetta hitastig svo það sé ekki hærra en eðlilegur líkamshiti. Hitinn er talinn hafa marga kosti hvað varðar heilsuna, svo sem að draga úr bólgum í líkamanum og liðverkjum. Elsti viðskiptavinurinn er 67 ára og kemur til mín í djúpar teygjur og slökun.“

Innt eftir því hvernig hafi gengið að setja á stofn sitt eigið fyrirtæki í Danmörku segir Karen það hafa gengið vel. „Það gekk vonum framar og ersennilega svipað og á Íslandi. Það kom mér á óvart hversu aðgengilegt allt var. Foreldrar mínir hafa verið mér innan handar en þau hafa verið í rekstri meira og minna alla sína tíð, og rekið veitingahús og skemmtistað í miðbæ Reykjavíkur. Mig hafði lengi langað til að fara út í minn eigin rekstur og þegar þetta tækifæri gafst ákvað ég að hella mér út í þetta verkefni,“ greinir Karen frá.

Hún segist hafa fengið mjög góðar viðtökur við Dóttir Hot Yoga Studio. „Djúsbarinn var opnaður fyrir rúmri viku en jógastúdíóið þann 16. júní. Ég er eingöngu með lífrænt ræktað hráefni og legg áherslu á sjálfbærni og endurvinnslu. Bollarnir eru t.d. endurunnir úr kaffikorgi og viðskiptavinirnir geta komið með sínar eigin áfyllingarflöskur. Þetta er hugmyndafræðin sem ég vinn eftir,“ segir Karen og bætir við að Dóttir Hot Yoga Studio sé eitt af fáum jógastúdíóum í Kaupmannahöfn þar sem allir tímarnir fari fram á ensku og þar af leiðandi séu viðskiptavinirnir frá öllum heimsins hornum. „Stemningin er mjög alþjóðleg og svo bætast sífellt fleiri Íslendingar í hópinn, auk þess sem fjöldi Dana kemur til mín í tíma,“ segir Karen ánægð.



Djús fyrir daginn, stútfullur af orku og vítamínum.

### BEET IT DANCER

- 3 sellerístilkar
- 2 græn epli
- 2 rauðrófur
- Handfylli af hindberjum
- Engifer að smekk

Pressið saman sellerí, epli, rauðrófur og engifer. Setjið í blandara, ásamt hindberjum og blandið vel saman. Berið fram.



# Smáauglýsingar

512 5800
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími
er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

SUZUKI



SUZUMAR gúmmíbátar. Uppblásnir slöngubátar með álgólfi og mikla burðargetu. Til í stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

KRÓKUR

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

### Bílar til sölu



**FRÁBÆRT VERÐ**
Nissan Qashqai. Frábær bíll. Árg. 2016 Ek. 53.000,-Disel Sjálfskiptur Sumar og vetrardekk. Verð 2.850.000,- Uppl. í s. 699 7720

### Vespur



Mjög vel með farin og lítið ekin bensinvespa til sölu. Uppl. í s. 8983104

### Fellihýsi



12 feta FLEETWOOD Fellhýsi með öllu. árg.2008, nýtt fortjald. Verð: 1.450.000 Uppl. s: 861-9170

### Bátar

**VEIÐIVÖTN VEIÐIVÖTN**
Netin tilbúin þekking reynsla gæði. heimavik.is s. 892 8655

## Þjónusta

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Simi 511 2930.

### Húsaviðhald

Hreinsa þakrennur, laga á þökum og tek að mér ýmis verkefni. Uppl:847-8704 eða manninn@hotmail.com

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasimar, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

### Þjónusta



VANTAR ÞIG STARFSFÓLK

Handafl er traust og fagleg starfsmannaveita með margra ára reynslu á markaði þar sem við þjónustum jafnt stór sem smá fyrirtæki.

Við útvegum hæfa starfskrafta í flestar greinar atvinnulífsins

Markmið okkar er að spara viðskiptavinum tíma, fyrirhöfn og fjármuni.

Suðurlandsbraut 6, 108 Rvk. | SÍMI 419 9000 | info@handafl.is | **handafl.is**

HANDAFL
STARFSMANNAVEITA




**586 1414**
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan
Klettháls 2 · 110 Reykjavík

**kaffi á könnunni**
opið mán-fös 10-18

2017 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri

**STÓRA BÍLASALAN**
...á verði fyrir þig!

# Keypt & Selt

## Til sölu



**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**
Stærðir í cm: 200x200, 210x210, 220x220, 235x235, 235x217, 217x174, 8 hyrnd lok. Lokin þola 1000 kg jafnarðarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnarar til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000 Haffi og 777 2001 Grétar

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

# Skólar & Námskeið

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# Húsnæði

## Húsnæði í boði

Iðnaðarhúsnæði 470 fm og skrifstofuhúsnæði eða venjulegt húsnæði á efri hæð í Reykjanesbæ til leigu. Uppl. s:898-6902

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

# Atvinna

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**


**ERTU Í LEIT AÐ DRAUMASTARFINU?**
Finndu þitt starf á atvinna.frettabladid.is
FRÉTTABLAÐIÐ.IS job.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
SAFT


## Þingvellir



Vel staðsett 36,1fm sumarhús á 2000fm eignalóð að Kvistalundi 6.
Bústaðurinn skiptist í : stofu, herbergi, eldhús, baðherbergi og geymslu.
Húsið þarfnast viðhalds. Lóðin er gróinn með fallegum trjám.
Veröndin er fram með austur, suður og vestur hlið hússins.
Rafmagn og vatn er tengt í bústaðinn.
Bústaðurinn er vel staðsettur í göngufæri við Þingvallavatn og er hverfið lokað af með rafmagnshliði. Allt innbú fylgir húsinu.

Nánari upplýsingar veitir Helgi Jónsson
Löggiltur fasteignasali í síma : 780-2700
eða á helgi@miklaborg.is

Verð: **9,9 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG 569 7000 Lágmúla 4 www.miklaborg.is
- með þér alla leið -

## Kríuás 27

221 Hafnarfjörður



**OPIÐ HÚS**
þriðjudaginn 21. ágúst kl. 17:30-18:00



Fallegt og vel skipulagt raðhús við Kríuás í Hafnarfirði 167,8 fm 4ra herb.

Stórt bílaplan með hita

Frágengin lóð með stórum palli og potti



Góð staðsetning í fjölskylduvænu hverfi þar sem stutt er í gönguleiðir og náttúrperlur



Nánari upplýsingar:
**Gunnar S. Jónsson,** lögg. fasteignasali
gunnar@miklaborg.is **sími:** 899 5856

Verð : **74,9 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG 569 7000 Lágmúla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

# Til leigu




# Gott verslunarhúsnæði

**Smiðjuvegur 4A, 200 Kópavogi. Flatarmál 245,8 m²**

**Skoðaðu myndirnar á www.bjargbrun.is**

**Upplýsingar í síma: 893-1777 eða bjargbrun@bjargbrun.is**

**BJARGBRÚN EHF**
www.bjargbrun.is | 893-1777 | bjargbrun@bjargbrun.is



# Við ráðum

Ráðum býður upp á ráðgjöf og ráðningar sniðnar að þörfum viðskiptavinarins.

**RÁÐUM EHF** • Sími 519 6770
www.radum.is • radum@radum.is

ráðum
ráðningarstofa

## Atvinna

### KRUMMA – BÓKARI

KRUMMA er 32 ára iðn-og verslunar fyrirtæki
Þetta er fjölbreytt og lifandi starf fyrir öflugan starfsmann.

Upplýsingar: elin@krumma.is

## Fasteignir

### ÚLFARSBRAUT 42 – 113 REYKJAVÍK

**OPIÐ HÚS ÞRIÐJUDAG 21. ÁGÚST KL.17:00 – 17:30**






- Um er að ræða stórglæsilegt 204 fm parhús á tveim hæðum á útsýnisstað.
- Verulega veglegt eldhús með vönduðum innréttingum og tækjum.
- Vandaður frágangur á allri eigninni, HTH-innréttingar.
- Útsýnis-svalir og mjög vel frágengin lóð með hleðslugrjóti og lýsingu.
- Rúmgott hjónaherbergi með fataherbergi innaf.
- SUB-ZERO WOLF tæki í eldhúsi ásamt vínskáp,granít-steinn í borðplötum.

**EIGN GETUR FENGIST AFHENT FLJÓTLEGA.**

**V. 88.9 millj.**

### MIÐVANGUR 129 – 220 HAFNARFJÖRÐUR

**OPIÐ HÚS ÞRIÐJUDAG 21. ÁGÚST KL.18:00 – 18:30**






- Fjölskylduvænt og vel skipulagt raðhús á 2.hæðum alls 188 fm.
- Rúmgóðar stofur / 4 svefnherb., búið að endurnýja aðalbaðherb.
- Afgirt suður-verönd, heitur pottur. Innbyggður rúmgóður bílskúr.
- Ca. 35fm svalir sem bjóða uppá möguleika.
- Stutt í alla þjónustu, skóla, íþróttar og útivistarsvæði.

**GETUR VERIÐ LAUST FLJÓTLEGA**

**V. 68.9 millj.**

**LANDMARK**
FASTEIGNASALA

Hlíðasmári 2, 201 Kópavogur. Sími 512 4900 • landmark.is Landmark leiðir þig heim!

Sveinn Eyland
Lögg. fast og eigandi
sveinn@landmark.is
sími 690 0820



**FJÁRFESTING**
FASTEIGNASALA EHF
Sími 562 4250
Óskar Þór Hilmarsson
Löggiltur fasteignasali

Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is



**Hilmar Óskarsson** Framkvæmdarstjóri Gsm: 896-8750
**Óskar Þór Hilmarsson** Löggiltur fasteignasali Gsm: 822-8750
**Guðjón Sigurjónsson** Löggiltur fasteignasali Gsm: 846-1511
**Pálmi Almarsson** Löggiltur fasteignasali Gsm: 896-3344
**Smári Jónsson** Löggiltur fasteignasali Gsm: 864-1362
**Auður Kristinsdóttir** Löggiltur fasteignasali Gsm: 824-7772
**Hildur Edda Gunnarsdóttir** Löggiltur fasteignasali Gsm: 661-0804
**Edda Svavarsdóttir** Löggiltur fasteignasali Gsm: 845-0425




Vel skipulagðar og vandaðar íbúðir á vinsælum útsýnisstað við Lynggötu 2, Urriðaholti í Garðabæ. Aðeins fjórar íbúðir eftir. Afhending í ágúst. 3ja og 4ra herb. íbúðir, 100,7 fm. til 139 fm. Álklætt fjölbýlishús með lyftu. Fullbúnar íbúðir með gólfefnum. Vandaðar innréttingar. Bjartar og rúmgóðar íbúðir. Stæði í bílageymslu fylgir flestum íbúðum.
**Verð frá 52,5 millj.**

**Teikningar og nánari upplýsingar hjá sölumönnum Fjárfestingar, Borgartúni 31 og www.fjarfesting.is**




Nýjar stórglæsilegar íbúðir að Lundi 7-13 í Fossvogsdal í 55 íbúða fjölbýlishúsi. Húsin eru 5 og 6 hæðir. Fjölmargar stærðir í boði allt frá 107 til 196,8 fm. Vandaðar íslenskar innréttingar. Hiti í gólfum. Bjartar og rúmgóðar íbúðir með stórum gluggum. Álklætt hús. Glæsileg hönnun að innan sem utan. Íbúðirnar verða ýmist með góðum svölum með glerlokunum eða timburveröndum. Stæði í bílageymslu fylgir öllum íbúðum.

**Byggingaraðili er Byggingarfélag Gylfa og Gunnars. Teikningar og nánari upplýsingar hjá sölumönnum Fjárfestingar, Borgartúni 31 og www.fjarfesting.is**




Nýjar og stórglæsilegar íbúðir við Naustavör í nýju bryggjuhverfi við Kársnes í Kópavogi. 3ja til 6 herb. Stærðir frá 122 fm. til 210 fm. Álklætt hús með lyftu. Hiti í gólfum. Vandaðar íslenskar innréttingar. Glæsilegt sjávarútsýni. Glæsileg hönnun. Stæði í bílageymslu fylgir öllum íbúðum. Fallegar íbúðir byggðar af vönduðum og traustum byggingaraðila BYGG.

**Byggingaraðili er Byggingarfélag Gylfa og Gunnars. Teikningar og nánari upplýsingar hjá sölumönnum Fjárfestingar, Borgartúni 31 og www.fjarfesting.is**




**SKJÓLBRAUT 4**
- 200 Kóp.
- 4-5 herb. 161,8 fm.
- Mikið endurnýjuð sérhæð.
- Góð staðsetning rétt við Kópavogslaug.
- **Verð 69,9 millj.**

**Opið hús þriðjudag frá kl. 17:15 til 17:45**



**TRÖLLAKÓR 2-4**
- 203 Kóp.
- 4ra herb.
- 160,7 fm.
- Endaíbúð.
- Efsta hæð.
- Stæði í bílageymslu.
- **Verð 57,9 millj.**




**GRENIGRUND 4**
- 200 Kóp.
- 5 herb. 162,5 fm.
- Bílskúr.
- Eina íbúðin á hæðinni.
- Fallegt útsýni.
- **Verð 61,9 millj.**

**Opið hús miðvikudag frá kl. 17:15 til 17:45**




**LAXATUNGA 92**
- 270 Mos. Raðhús. 182,1 fm.
- Gólfhiti.
- Innbyggður bílskúr.
- Yfirbyggðar svalir.
- Verönd. 3 svefnherbergi.
- **Verð 74,5 millj.**

**Opið hús miðvikudag frá kl. 18:00 til 18:30**



**BOGAHLÍÐ 11**
- 105 Rvk.
- 3ja herb.
- 73,7 fm.
- Mikið endurnýjuð.
- **Verð 42,9 millj.**




**KÓPAVOGSBRAUT 3**
- 200 Kóp.
- 2ja herb. 53,4 fm.
- Falleg og björt íbúð.
- Endurbyggt hús.
- **Verð 35,9 millj.**

**Opið hús þriðjudag frá kl. 17:00 til 17:30**

## ÓSKUM EFTIR ÖLLUM GERÐUM EIGNA TIL SÖLU. MIKIL SALA.

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Þriðjudagur

Hæg breytileg átt í dag. Dálítil rigning eða súld á austanverðu landinu, en annars skúrir. Hiti 8 til 14 stig.




## Miðvikudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 9° | 7° | 8° |
| ↘ 5 | ↙ 4 | ↓ 3 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 9° | 12° | 7° |
| ↓ 2 | ← 4 | ↓ 4 |

## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 9° | 6° | 6° |
| ↓ 6 | ↙ 3 | ↘ 5 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 7° | 13° | 5° |
| ↓ 6 | ← 2 | ↓ 7 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | 6 | | | | | | 3 |
| 3 | 2 | | | | 1 | 5 | | |
| 7 | | 4 | 5 | 9 | | | | |
| | | 5 | 1 | | 8 | 4 | | |
| 2 | | 1 | | | | | | 7 |
| 6 | 3 | 8 | | | 2 | 1 | | |
| | 9 | | | | | | 6 | |
| | 6 | 7 | | | | 8 | | |
| | | | 6 | | 4 | 2 | 9 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | 8 | | | | | | 5 |
| | | 3 | 6 | | | | 8 | |
| 4 | 6 | | 3 | | 8 | | | 1 |
| | 9 | | 8 | 6 | | | | |
| 3 | 4 | 7 | 1 | | 5 | | | |
| 1 | | | 2 | | | 5 | | |
| 6 | | | | | | 2 | | |
| | | 1 | 5 | 3 | 6 | 4 | | |
| | | 4 | | | | | 1 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | | 2 | | | | 8 | 4 |
| | | 6 | 5 | | | | 3 | 2 |
| 2 | | | 8 | | | | | |
| 5 | | 3 | | 1 | | | | |
| | 1 | | | | | 9 | | |
| 8 | | 2 | | | | | | 1 |
| 9 | 3 | | | | | | 5 | |
| 7 | | | | 5 | | | | |
| | 2 | | | | 3 | 7 | | 9 |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. ráðagerðir
5. magur
6. spil
8. prentun
10. átt
11. fát
12. mót
13. rándýr
15. prinsipp
17. álpast

**LÓÐRÉTT**
1. mókol
2. hrína
3. ískur
4. vit
7. samþykkur
9. ráðgera
12. spjátrungur
14. frestur
16. utan

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT: 1.** brugg, **5.** rýr, **6.** ás, **8.** útgáfa, **10.** na, **11.** fum, **12.** form, **13.** otur, **15.** lögmál, **17.** flana.
**LÓÐRÉTT: 1.** brúnkol, **2.** rýta, **3.** urg, **4.** gáfur, **7.** sammála, **9.** áforma, **12.** fugl, **14.** töf, **16.** án.

## Skák Gunnar Björnsson

Larsen átti leik gegn Uhlmann í Las Palmas árið 1971.

**1. ... Ba6! 0-1.** Borgarskákmótið fer fram í Ráðhúsi Reykjavíkur og hefst kl. 16 í dag. Gera má ráð fyrir að margir af sterkustu skákmönnum landsins taki þátt. Enn er opið fyrir skráningu. EM ungmenna hófst í gær í Riga. Fimm íslenskir fulltrúar.

**www.skak.is:** Ofurmót í St. Louis.

**Svartur á leik**



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 1 | 5 | 9 | 2 | 6 | 3 | 4 | 7 |
| 9 | 2 | 4 | 7 | 1 | 3 | 8 | 5 | 6 |
| 6 | 7 | 3 | 4 | 8 | 5 | 9 | 1 | 2 |
| 1 | 4 | 6 | 5 | 9 | 7 | 2 | 3 | 8 |
| 5 | 9 | 7 | 8 | 3 | 2 | 1 | 6 | 4 |
| 2 | 3 | 8 | 1 | 6 | 4 | 7 | 9 | 5 |
| 7 | 8 | 9 | 6 | 5 | 1 | 4 | 2 | 3 |
| 3 | 6 | 1 | 2 | 4 | 8 | 5 | 7 | 9 |
| 4 | 5 | 2 | 3 | 7 | 9 | 6 | 8 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 1 | 4 | 5 | 8 | 6 | 7 | 2 | 3 |
| 8 | 5 | 7 | 3 | 9 | 2 | 4 | 6 | 1 |
| 2 | 6 | 3 | 4 | 1 | 7 | 8 | 5 | 9 |
| 3 | 8 | 1 | 7 | 5 | 4 | 2 | 9 | 6 |
| 4 | 7 | 2 | 9 | 6 | 1 | 5 | 3 | 8 |
| 6 | 9 | 5 | 8 | 2 | 3 | 1 | 7 | 4 |
| 1 | 3 | 8 | 6 | 7 | 5 | 9 | 4 | 2 |
| 7 | 2 | 6 | 1 | 4 | 9 | 3 | 8 | 5 |
| 5 | 4 | 9 | 2 | 3 | 8 | 6 | 1 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 9 | 7 | 3 | 4 | 8 | 6 | 5 |
| 3 | 8 | 6 | 5 | 9 | 1 | 7 | 4 | 2 |
| 4 | 5 | 7 | 2 | 6 | 8 | 9 | 1 | 3 |
| 5 | 7 | 1 | 8 | 4 | 6 | 3 | 2 | 9 |
| 6 | 3 | 8 | 9 | 2 | 7 | 4 | 5 | 1 |
| 9 | 4 | 2 | 1 | 5 | 3 | 6 | 7 | 8 |
| 8 | 6 | 5 | 3 | 7 | 2 | 1 | 9 | 4 |
| 2 | 1 | 4 | 6 | 8 | 9 | 5 | 3 | 7 |
| 7 | 9 | 3 | 4 | 1 | 5 | 2 | 8 | 6 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman







Það borgar sig ávallt að auglýsa í Fréttablaðinu

LÍKA Á SUMRIN!

89%

af lesendum dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 18–49 ára lesa Fréttablaðið daglega allan ársins hring

*Heimild: Prentmælingar Gallup apr. – júní og júlí – sept. 2017.

FRÉTTABLAÐIÐ

# Hvað? Hvenær? Hvar? Þriðjudagur

hvar@frettabladid.is

## 21. ÁGÚST

### Tónlist

**Hvað?** Arcade Fire
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Laugardalshöll
Allt frá því að fyrsta plata sveitarinnar, Funeral, leit dagsins ljós árið 2004 hefur hljómsveitin skipað sér á bekk með fremstu rokkböndum heims. Upp frá því hefur hún þróað hljóm sinn með fjórum plötum til viðbótar – Neon Bible (2007), The Suburbs (2010), Reflektor (2013) og Everything Now (2017) – en hver einasta þeirra var tilnefnd til Grammy-verðlauna í flokknum Best Alternative Music Album. Raunar eru áhrif hljómsveitarinnar slík að hún hefur meðal annars verið kölluð „bjargvættur indírokks“ af The Guardian, þökk sé tilfinningaþrungnum laga- og textasmíðum ásamt skemmtilega sérviturri ímynd.

**Hvað?** Open Mic
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Enski barinn
Leynist söngstjarna í þér sem þráir útrás? Alla þriðjudaga í ágúst frá kl. 22.00-01.00 mun Addi Friðriks spila með bargestum og er opið fyrir alla sem vilja syngja. Hvernig væri að kíkja í drykk og taka svo lagið? Það kostar ekkert að vera með – bara velja lag á barnum og þá ertu klár.


Hljómsveitin Arcade Fire spilar í Laugardalshöll í kvöld klukkan 19.00.

**Hvað?** KexJazz – Kvartett Sölva Kolbeinssonar
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Kex Hostel
Kvartett saxófónleikarans Sölva Kolbeinssonar kemur fram. Með honum leika breski píanóleikarinn Mark Pringle, þýski bassaleikarinn Felix Henkelhausen og Magnús Trygvason Eliassen á trommur. Kvartettinn mun leika sína uppáhalds djassstandarda og gera þá að sínum. Tónlistin hefst kl. 20.30 og er aðgangur ókeypis. Kex Hostel er á Skúlagötu 28.

### Viðburðir

**Hvað?** Samkomuherferð Smárakirkju og United með Belinda Wiliams
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Smárakirkja
Smárakirkja og United Reykjavík kynna samkomuherferð með Belindu Williams. Belinda er öflugur trúboði frá Bandaríkjunum sem fer út um allan heim og þjónar með predikun og spámannlegri náðargjöf. Hún hefur áður komið til Íslands og þykir einstaklega vænt um landið og fólkið hér. Guð hefur gefið henni sérstakt orð fyrir þessa heimsókn sem við hlökkum til að heyra.

**Hvað?** Perlað af Krafti með Aftureldingu
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Hlégarður
Í tilefni af Bæjarhátíð Mosfellsbæjar leggur Kraftur leið sína í Mosfellsbæinn og perlar með Aftureldingu og Mosfellingum þriðjudaginn 21. ágúst frá kl. 16-20 í Hlégarði. Með því að taka þátt í viðburðinum eru þið að hjálpa okkur að standa við bakið á ungu fólki sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendum þess þar sem armböndin eru seld til styrkar félaginu. Armböndin sem um ræðir eru í litum Krafts, appelsínugul og svört. Armböndin eru með áletruninni „Lífið er núna“ og eru auðveld í samsetningu svo að allir geta tekið þátt, börn sem fullorðnir.

**Hvað?** Tíu skref blindandi – Silja Hauksdóttir
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Tjarnarbíó
Verkið er ekki við hæfi barna undir 18 ára aldri. Skemmtilegt verk um sumt sem er leiðinlegt og leitast er við að segja það í söng sem við eigum erfitt með að orða. Kraftmikið, áleitið og innblásið af sönnum og sönnuðum sögum. Verkið er hluti af Útskriftarhátíð Listaháskóla Íslands. Silja Hauksdóttir er útskriftarnemi úr meistaranámi sviðslistadeildar 2018. Leikarar og höfundar: Ebba Katrín Finnsdóttir, Elísabet Skagfjörð, Sigríður Ásgeirsdóttir og Þórey Birgisdóttir.

**Hvað?** Inntökupróf á framhaldsbraut í listdansi
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Dansgarðurinn, Grensásvegi
Inntökupróf fyrir framhaldsbraut í klassískum ballett og nútímadansi verður haldið þriðjudaginn 21. ágúst kl. 17.00 á Grensásvegi 14. Í inntökuprófinu verður stuttur balletttími og nútímatími, á eftir hafa þátttakendur tækifæri til að spjalla við kennara og nemendur skólans til að fá frekari upplýsingar um námið. Ekkert gjald er fyrir inntökuprófið og hvetjum við alla þá sem hafa brennandi áhuga á að koma í prufurnar og kynna sér starfsemi skólans betur.

**Hvað?** Miss Universe Iceland 2018
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hljómahöll, Stapanum
Arna Ýr Jónsdóttir krýnir arftaka sinn.

**Hvað?** Significant Encounters – Tim Darbyshire
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Sundhöllin

### Námskeið

**Hvað?** Framburður og hljóðkerfi – Opið námskeið
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Tónlistardeild LÍ
Í gegnum Opna listaháskólann getur fólk sótt námskeið í öllum deildum Listaháskóla Íslands. Námskeiðið „Framburður og hljóðkerfi“ hentar söngvurum sem vilja tileinka sér betri þekkingu á framburði erlendra tungumála í söng. Námskeiðið er valnámskeið á BA-stigi tónlistardeildar. Nauðsynlegt er að öll þau sem syngja á erlendum tungumálum geri sér grein fyrir hlutverki og merkingu orðanna og textans. Á námskeiðinu verður fjallað ítarlega um notkun alþjóðlegs hljóðkerfis (IPA) í frönsku, þýsku og ítölsku og hvernig það nýtist við framburð í söng og greiningu hljóða þannig að söngur verði bundinn (legato) og framburður skýr.



FRÉTTABLAÐIÐ MENNING

# Lætur innsæið ráða

**Hollenski listamaðurinn Kees Visser sýnir í Berg Contemporary ný verk sem byggjast á litanotkun og eru unnin á pappír.**



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is

Hollenski listamaðurinn Kees Visser sýnir ný verk, unnin á pappír, í Berg Contemporary á Klapparstíg. Visser hefur lengi verið viðloðandi íslenskan myndlistarheim og var meðal stofnenda Nýlistasafns Íslands. Hann kom fyrst til landsins árið 1976, hefur margoft sýnt verk sín hér á landi og býr hér hluta ársins. Yfirskrift sýningarinnar í Berg Contemporary er Í djúpi litanna. Hún stendur til 6. október.

**Enginn uppáhaldslitur**

„Þetta eru verk sem byggjast á litanotkun en þar notast ég ekki við nein kerfi, ég er ekki að vinna vísindalega heldur læt innsæið ráða,“ segir Visser. Verkin eru að hans sögn nokkuð dæmigerð fyrir það sem hann hefur gert í seinni tíð. Visser málar á pappír og beitir yfirmálun til að laða fram litina og gefa þeim sem mesta kristalsáferð.

Blái liturinn er áberandi í verkunum en listamaðurinn segir hann þó ekki vera uppáhaldslit sinn þótt hann noti hann mest. „Ég veit ekki hver er uppáhaldslitur minn. Sem krakki heillaðist ég mest af gula litnum, og gulur og svartur saman þóttu mér óskaplega flottir. Þegar maður vinnur mikið með liti á maður sér ekki lengur uppáhaldslit heldur sér alltaf eitthvað í öllum litum. Maður horfir líka á samsetninguna. Ég vinn mikið með bláa litinn og þann græna, en það er líka bleik mynd á sýningunni og gul. Á tímabili vann ég nær eingöngu með gula litinn, heilu seríurnar.“

Visser starfaði hér sem leiðsögumaður á árum áður og hefur orðið fyrir miklum áhrifum af náttúrunni. „Ég tek líka mið af litum í íslenskri náttúru, litirnir þar eru miklu skærari og meira áberandi en víða annars staðar og birtan er öðruvísi. Að Fjallabaki á sumrin er allt aðallega grænt og svart og stundum hvítir snjóblettir. Ég hef gert nokkuð af því sem ég kalla rimlaverk og þar eru litasamsetningar úr íslensku landslagi.“

**Sjálfmenntaður í myndlist**

Visser, sem er fæddur árið 1948, er sjálfmenntaður í myndlist og er spurður hvort það hafi frekar hjálpað honum en hindrað. „Þeir sem hafa verið í myndlistarskólum segja að það hljóti að hafa hjálpað mér en ég get ekki staðfest það. Ég hef ekki hugmynd um hvort það er betra eða verra,“ segir hann.

*Skiptir myndlistarmenntun þá ekki máli þegar kemur að viðurkenningu?*

„Það skiptir kannski meira máli í dag en þá,“ segir hann og bætir við: „Myndlistarnámið í dag gengur mikið út á það að nemendur eigi að geta talað um verk sín. Mér finnst alltof mikil áhersla á það.“

**Heimþrá til Íslands**

Visser kom fyrst til Íslands árið 1976 og segja má að hann hafi verið með annan fótinn hér á landi allt frá því og hér á hann heimili.

*Af hverju hefur hann svo sterkar taugar til Íslands?*

„Árið 1975 sá ég verk eftir íslenska myndlistarmenn á sýningu í Hollandi. Ég varð mjög hissa á því sem ég sá. Þetta voru verk eftir Sigurð og Kristján Guðmundssyni og Hrein Friðfinnsson sem bjuggu allir í Amsterdam á þessum tíma og ég kynntist síðan. Vinur minn hafði verið á Íslandi og sýndi mér slides-myndir þaðan og ég sagði: Vá, þetta verð ég að sjá! Ég fór til Íslands nokkrum mánuðum seinna og kom aftur næsta sumar og var þá í tvo mánuði. Ég kynntist íslenskum listamönnum, þar á meðal Ólafi Lárussyni myndlistarmanni, sem dó fyrir nokkrum árum.

Ég var einn vetur á Varmalandi og fór svo til Hollands í tvö ár. Þá var ég kominn með heimþrá til Íslands og kom aftur. Núna skipti ég tíma mínum á milli Hollands, Frakklands og Sviss, en er yfirleitt á Íslandi á sumrin.“ Hann talar prýðilega íslensku og segir að það hafi ekki verið erfitt að læra hana. „Ég er heilláður af íslenskunni. Um leið og ég heyrði hana í fyrsta sinn fannst mér hún hljóma fallega.“



Kees Visser hefur í áratugi verið viðloðandi íslenskan myndlistarheim og býr hér hluta ársins. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**ÞEGAR MAÐUR VINNUR MIKIÐ MEÐ LITI Á MAÐUR SÉR EKKI LENGUR UPPÁHALDSLIT HELDUR SÉR ALLTAF EITTHVAÐ Í ÖLLUM LITUM.**



Yfirskrift sýningarinnar er Í djúpi litanna og þar er blár litur áberandi. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

ISI ICELAND SEAFOOD INTERNATIONAL

**Hluthafafundur**

**Iceland Seafood International hf. verður haldinn þann 11. september 2018 kl. 9.00 á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavík**

**Dagskrá fundarins:**

1. Tillaga stjórnar um að heimila stjórn félagsins að hækka hlutafé auk breytinga á samþykktum félagsins til samræmis
2. Tillaga stjórnar um breytingar á kaupréttaráætlun félagsins
3. Tillaga stjórnar um að heimila stjórn félagins að hækka hlutafé til samræmis við breytta kaupréttaráætlun auk breytinga á samþykktum félagsins til samræmis
4. Kosning stjórnar félagsins
5. Umræður og atkvæðagreiðsla um önnur málefni sem löglega eru upp borin

Fundarboðið í heild sinni hefur verið birt í rafrænu upplýsingakerfi Kauphallarinnar
Ítarlegri upplýsingar um efni fundarins eru aðgengilegar á vefsíðu félagsins:
http://www.icelandseafood.com/Investors

# Ætlum að spila okkar uppáhalds standarda

**Sölvi Kolbeinsson saxófónleikari hefur stofnað kvartett sem treður upp í Norræna húsinu annað kvöld og gerir lög eftir Duke Ellington, Thelonious Monk og Miles Davis að sínum, auk laga úr bandarískum söngleikjum.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Það sem er skemmtilegt við þessi gömlu lög er að alltaf er hægt að gera eitthvað nýtt við þau. Svo eru þau líka falleg og góð svo það þarf ekki endilega að gera eitthvað mikið,“ segir Sölvi Kolbeinsson saxófónleikari um efni sem hann ætlar að flytja í Norræna húsinu annað kvöld klukkan 20, ásamt félögum sínum í nýstofnuðum Kvartett Sölva Kolbeins. Þar er á ferðinni tónlist sem Sölvi segir hafa verið hluta af efnisskrá þekktra djasstónlistarmanna. „Við ætlum að spila okkar uppáhalds standarda með okkar hætti. Þetta eru ýmist lög úr bandarískum söngleikjum frá 1930-1958 eða lög eftir menn eins eins og Duke Ellington, Thelonious Monk og Miles Davis.“

Í kvartettinum eru, auk Sölva, hinn enski Mark Pringle sem spilar á píanó, hinn þýski Felix Henkelhausen, sem spilar á bassa, og hinn íslenski Magnús Trygvason Eliassen sem er á trommunum.

Sölvi kveðst hafa kynnst píanistanum Mark og bassaleikaranum Felix í skólanum Jazz-Institut Berlin haustið 2015. Síðan hafi þeir unnið mikið saman í fjölbreyttum verkefnum. „Við Felix spilum saman í hljómsveitinni Volcano Bjorn sem hefur haldið fjölda tónleika í Þýskalandi auk þess að koma fram á Jazzhátíð Reykjavíkur sumarið 2017 og við Mark höfum komið fram sem dúó. Ég hef líka komið fram með kvintett Mark Pringle og kvintett Felix Henkelhausen í Berlín og allir spiluðum við saman í Finnlandi með kvartett enska bassaleikarans Hayden Prosser. Svo höfum við Magnús líka unnið mikið saman síðustu ár, byrjuðum að spila sem dúó árið 2015 og höfum meðal annars haldið fjölda tónleika í Mengi.“

Sölvi fer aftur til Berlínar í september. „Ég á enn eftir eitt ár í skólanum og svo hugsa ég að ég verði áfram þar ytra. Berlín er spennandi borg. Þar er slatti að gera og ég er kominn ágætlega inn í senuna.

*Ætlar hann þá að tæla Magnús með sér til að kvartettinn geti haldið áfram að djassa þar úti?*

„Nei, en hann spilar nú þar reglulega. ADHD er í Þýskalandi á hverju ári og ég hef hitt hann þar þó nokkrum sinnum á síðustu árum,“ svarar hann. „Þetta er fyrsti konsert nýja kvartettsins en ég vona að við höldum samstarfinu áfram.“

*En skyldi Sölvi hafa alist upp við djasstónlist í foreldrahúsum?*

„Nei, reyndar ekki. Ég var alltaf í klassík, byrjaði á saxófóninum átta ára og fókuseraði á klassíkina þar til ég var svona 16 ára, þá var ég byrjaður í FÍH og smám saman kom áhuginn á djassi. Ég komst í svo skemmtilegt samspil þegar ég var svona 17 til 18 ára með rosa góðum tónlistarmönnum, miklu betri en ég. Þar byrjaði djassáhuginn að grassera.“



**Sölvi hlakkar til að troða upp með vinum sínum. „Þetta er mitt draumaband,“ segir hann.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI


Eclipse Cross
Besta Hekluverðið
Frá 3.990.000 kr.

Sumarauki að verðmæti 350.000 kr. fylgir!

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5

Outlander PHEV Instyle
Best búna útgáfan af Outlander PHEV
Besta Hekluverðið
Frá 5.490.000 kr.

MITSUBISHI MOTORS
FYRIR HUGSANDI FÓLK








L-200 Double Cab / 4x4 / Dísil / Beinskiptur
Besta Hekluverðið
5.190.000 kr.



Sumarauki og hleðslustöð að verðmæti 500.000 kr. fylgir PHEV!

Sumarauki að verðmæti 350.000 kr. fylgir!

Nýr Mitsubishi á Besta Hekluverðinu

Nú er góður tími til að fá sér nýjan Mitsubishi hjá Heklu því við vitum aldrei hvað svona frábært verð býðst lengi. **Tryggðu þér bíl á besta Hekluverðinu og aktu inn í sumarið.**

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

**Hér er aðeins sýndur hluti af bílum í boði.** Fullt verð er verð hvers bíls með aukabúnaði. Aukabúnaður á myndum gæti verið annar en í auglýstum verðdæmum.
5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd

# DAGSKRÁ

# Þriðjudagur







### CASTLE ROCK
KL. 21:05

Algerlega magnaður sálfræðitryllir úr smiðju J.J. Abrams, byggður á spennuþrungnum skáldsöguheimi Stephens King.




**Þrælgott þriðjudagskvöld**

Fáðu þér áskrift á **stod2.is**

### MAJOR CRIMES
KL. 20:20

Skemmtileg þáttaröð um lögreglukonuna Sharon Raydor sem er ráðin til að leiða sérstaka morðrannsóknadeild innan hinnar harðsvíruðu lögreglu í Los Angeles.





### BETTER CALL SAUL
KL. 21:55

Nú erum við að tala um undanfara vinsælustu þátta allra tíma, Breaking Bad. Hörkugóðir þættir um lævísa lögfræðinginn Saul Goodman en þessi sería gerist stuttu áður en Breaking Bad sagan hefst.

### AGNELLI
KL. 22:40

Áhugaverð heimildarmynd um hinn goðsagnakennda ítalska iðnjöfur Gianni Agnelli sem þótti gæddur miklum persónutöfrum og var áhrifavaldur í þjóðfélaginu.




### ONE BORN EVERY MINUTE
KL. 20:50

Vandaðir og áhugaverðir þættir sem gerast á fæðingardeild á breskum spítala þar sem fylgst er með komu nýrra einstaklinga í heiminn.



Allt þetta og meira til á aðeins 9.990 kr.

stod2.is

## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.25** Teen Titans Go
**07.45** Strákarnir
**08.10** The Middle
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.20** Grantchester
**11.10** Nettir Kettir
**12.05** Um land allt
**12.35** Nágrannar
**13.00** American Idol
**14.25** American Idol
**15.50** American Idol
**16.35** Wrecked
**17.05** Bold and the Beautiful
**17.25** Nágrannar
**17.50** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.20** Fréttayfirlit og veður
**19.25** Last Week Tonight with John Oliver
**19.55** Great News
**20.20** Major Crimes
**21.05** Castle Rock Sálfræðitryllir af bestu gerð úr smiðju J.J. Abrams byggður á sagnaheimi Stephens King. Sögusviðið er smábærinn Castle Rock í Maine þar sem dularfullir atburðir eru daglegt brauð. Lögfræðingurinn Henry Deaver, sem leikinn er af Andre Holland, snýr aftur á heimaslóðir og tekur að sér mál sem reynist honum erfiðara en hann átti von á. Bill Skarsgaard leikur skjólstæðing hans sem er fámáll og fortíð hans hjúpuð dulúð. Hér fléttast saman, á afar snjallan hátt, þræðir héðan og þaðan úr sagnasafni meistara Kings í sjálfstæða frásögn um stórbrotna baráttu milli góðs og ills sem á engan sinn líka.
**21.55** Better Call Saul
**22.45** Agnelli Áhugaverð heimildarmynd um hinn goðsagnakennda ítalska iðnjöfur Gianni Agnelli sem heillaði alla sem á vegi hans urðu en hann þótti gæddur miklum persónutöfrum og var áhrifavaldur í þjóðfélaginu. Hér er skyggnst inn í líf hans og rætt við fjölskyldumeðlimi, ástkonur, samstarfsfólk og keppinauta. Allir eiga það sameiginlegt að minnast hans með hlýju og aðdáun.
**01.15** Nashville
**02.00** Orange Is the New Black
**02.55** The Brave
**03.35** The Brave
**04.20** Man in an Orange Shirt
**05.15** Man in an Orange Shirt
**06.10** Ballers

## STÖÐ 2 SPORT

**07.00** Breiðablik - Valur
**08.40** Pepsi-mörkin
**10.00** Baltimore Ravens - Indianapolis Colts
**12.20** Valencia - Atlético Madrid
**14.00** Crystal Palace - Liverpool
**15.40** Breiðablik - Valur
**17.20** Pepsi-mörkin
**18.40** Crystal Palace - Liverpool
**20.20** Premier League Review
**21.15** Real Betis - Levante

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.00** Víkingur Ó - Þróttur
**08.40** Burnley - Watford
**10.20** Cardiff - Newcastle
**12.00** Everton - Southampton
**13.40** Messan
**15.10** Leicester - Wolves
**16.50** Tottenham - Fulham
**18.30** West Ham - Bournemouth
**20.10** Chelsea - Arsenal
**21.50** Messan

## STÖÐ 3

**19.10** Kevin Can Wait
**19.35** The New Girl
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**20.50** One Born Every Minute
**21.40** The Originals
**22.25** Supernatural
**23.10** The Newsroom
**00.50** Seinfeld
**01.15** Friends
**01.40** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**07.47** Doddi litli og Eyrnastór
**08.00** Áfram Diego, áfram!
**08.24** Svampur Sveinsson
**08.49** Rasmus Klumpur
**08.55** Lalli
**09.00** Strumparnir
**09.25** Ævintýraferðin
**09.37** Hvellur keppnisbíll
**09.49** Gulla og grænjaxlarnir
**10.00** Stóri og litli
**10.13** Tindur
**10.23** Mæja býfluga
**10.35** K3
**10.46** Skoppa og Skrítla enn út um hvippinn og hvappinn
**11.00** Könnuðurinn Dóra
**11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**11.47** Doddi litli og Eyrnastór
**12.00** Áfram Diego, áfram!
**12.24** Svampur Sveinsson
**12.49** Rasmus Klumpur
**12.55** Lalli
**13.00** Strumparnir
**13.25** Ævintýraferðin
**13.37** Hvellur keppnisbíll
**13.49** Gulla og grænjaxlarnir
**14.00** Stóri og litli
**14.13** Tindur
**14.23** Mæja býfluga
**14.35** K3
**14.46** Skoppa og Skrítla enn út um hvippinn og hvappinn
**15.00** Könnuðurinn Dóra
**15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**15.47** Doddi litli og Eyrnastór
**16.00** Áfram Diego, áfram!
**16.24** Svampur Sveinsson
**16.49** Rasmus Klumpur
**16.55** Lalli
**17.00** Strumparnir
**17.25** Ævintýraferðin
**17.37** Hvellur keppnisbíll
**17.49** Gulla og grænjaxlarnir
**18.00** Stóri og litli
**18.13** Tindur
**18.23** Mæja býfluga
**18.35** K3
**18.46** Skoppa og Skrítla enn út um hvippinn og hvappinn
**19.00** Kalli á þakinu

**Mörgæsirnar frá Madagaskar, 07.24, 11.24 og15.24**



## GOLFSTÖÐIN

**07.00** Wyndham Championship
**10.00** Wyndham Championship
**13.00** PGA Highlights
**13.55** Indy Women in Tech Championship
**16.25** Indy Women in Tech Championship
**18.55** Golfing World
**19.45** Wyndham Championship

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.35** The Lady in the Van
**13.20** Emma's Chance
**14.50** The Age of Adeline
**16.45** The Lady in the Van
**18.30** Emma's Chance Fjölskyldumynd frá 2016. Þegar Emma er að afplána samfélagsþjónustu á hestabúgarði, þá tengist hún misnotuðum sýningarhesti sterkum böndum, en hesturinn vill ekki leyfa neinum að sitja sig. Emma, sem hefur lært ýmislegt og fengið sjálfstraust, ákveður að gera hvað hún getur til að bjarga búgarðinum sem henni er farið að þykja vænt um.
**20.05** The Age of Adeline
**22.00** The Legend of Tarzan
**23.50** The Interpreter Pólitískur spennutryllir um svikráð og samsæri innan Sameinuðu þjóðanna með Sean Penn og Nicole Kidman í aðalhlutverkum. Penn leikur leyniþjónustumann sem fenginn er til þess að njósna um túlk, leikinn af Kidman, hjá Sameinuðu þjóðunum sem kveðst hafa orðið vitni að samsæri um að ráða mikilvægan embættismann af dögum.
**02.00** Pasolini
**03.25** The Legend of Tarzan

## RÚV

**13.00** Úr Gullkistu RÚV: Útsvar 2007-2008
**13.50** Bækur og staðir
**14.00** Andri á flandri
**14.30** Eldað með Ebbu
**15.00** Kærleikskveðja, Nína
**15.30** Basl er búskapur
**16.00** Veröld sem var
**16.30** Þú ert hér
**16.55** Íslendingar
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Húrra fyrir Kela
**18.25** Úmísúmí
**18.50** Vísindahorn Ævars
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.40** Hæpið
**20.10** Nikolaj og Júlía
**21.05** Einræðisherrar heimsins
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veður
**22.20** Leitin
**23.20** Halcyon
**00.05** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** Dr. Phil
**08.45** The Tonight Show
**09.30** The Late Late Show
**10.15** Síminn + Spotify
**11.45** Everybody Loves Raymond
**12.10** King of Queens
**12.35** How I Met Your Mother
**13.00** Dr. Phil
**13.45** Superstore
**14.10** Top Chef
**15.00** American Housewife
**15.25** Einvígið á Nesinu 2018
**16.15** Everybody Loves Raymond
**16.40** King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show
**19.00** The Late Late Show
**19.45** Black-ish
**20.10** Rise
**21.00** The Good Fight
**21.50** Star
**22.35** I'm Dying Up Here
**23.25** The Tonight Show
**00.45** CSI: Miami
**01.30** Mr. Robot
**02.15** The Resident
**03.05** Quantico
**03.50** Elementary
**04.40** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


BYRJAÐU DAGINN MEÐ
FRÉTTABLAÐINU
Lestu Fréttablað dagsins í snjalltækinu þínu, hvar og hvenær sem er!
FRÉTTABLAÐIÐ
Erum í þessu saman
Milljarða króna samfélag fútúrista í Lóni
ÚTSALA
ÚTSALA
• Þú sækir appið frítt í Appstore eða Googleplay.
• Opnar blað dagsins.
• Lest þegar þér hentar!
Sæktu Fréttablaðsappið frítt!
Download on the App Store
GET IT ON Google Play

# Mesti listaverkaþjófnaður allra tíma

Ítalinn Vincenzo Peruggia gekk inn í Louvre-safnið á þessum degi árið 1911 og fjarlægði í rólegheitum myndina af Mónu Lísu af veggnum. Hann faldi verkið í tvö ár og var álitinn þjóðhetja í heimalandinu þegar hann sagði að Móna Lísa ætti heima á Ítalíu. Hann fékk eins árs dóm fyrir þjófnaðinn en sat inni í aðeins sjö mánuði. Verkið var týnt og tröllum gefið í tvö ár og var meira að segja Pablo Picasso yfirheyrður vegna hvarfsins.

Þennan dag árið 1911 gekk ítalskur maður, Vincenzo Peruggia, inn í Louvre-safnið í París og fjarlægði mynd eftir Leonardo da Vinci, sjálfa Mónu Lísu. Þá var hún ekki jafn fræg og í dag. Peruggia var fyrrverandi starfsmaður Louvre-safnsins og sagðist hafa ætlað að hefna Ítalíu vegna misgjörða Napóleons í Napóleonstríðinu. Flestir telja það hæpna útskýringu enda benti flest til þess að peningar hefðu stjórnað gjörðum þjófsins. Skellt var í lás á safninu í heila viku í kjölfar þjófnaðarins á meðan rannsókn stóð yfir og lögregluþjónar fínkembdu safnið í leit að vísbendingum.

Guillaume Apollinaire, franskt ljóðskáld sem hafði eitt sinn viljað brenna Louvre-safnið til grunna, var fljótlega grunaður um þjófnaðinn og var handtekinn. Apollinaire benti hins vegar á vin sinn Pablo Picasso, sem var einnig yfirheyrður, en báðum var síðan sleppt. Leitað var að málverkinu í yfir tvö ár án nokkurs árangurs. Eftir að hafa geymt verkið í kústaskáp í íbúð sinni í tvö ár varð Peruggia óþolinmóður og reyndi að koma því í verð. Í nóvember 1913 barst ítölskum listaverkasala bréf þar sem sagt var að Móna Lísa væri í Flórens og fengist í skiptum fyrir lausnargjald. Peruggia var handtekinn stuttu síðar þegar hann reyndi að nálgast peningana sem honum hafði verið lofað. Mónu Lísu var í kjölfarið skilað til Louvre-safnsins í París þar sem hún er enn og brosir framan í heiminn bak við skothelt gler.

**GUILLAUME APOLLINAIRE, FRANSKT LJÓÐSKÁLD SEM HAFÐI EITT SINN VILJAÐ BRENNA LOUVRE-SAFNIÐ TIL GRUNNA, VAR FLJÓTLEGA GRUNAÐUR UM ÞJÓFNAÐINN.**

### MÓNA LÍSA

- Máluð á árunum 1503 til 1506 af Leonardo da Vinci.
- Er 77x53 cm að stærð.
- Verkið var metið á rúmar 800 milljónir dollara í fyrra, rúma 87 milljarða króna.
- Verkið hefur verið skemmt síðan. Árið 1956 var sýru skvett á það og síðar sama ár var steini kastað í það. Það er varið með ógnarsterku skotheldu gleri í dag og þó að nokkrir hafa reynt að skemma það hefur þeim ekki tekist það ætlunarverk sitt.
- Þjófnaðurinn kynti undir frægð verksins og gestir koma hvaðanæva til að berja verkið augum.
- 9,3 milljónir komu á Louvre-safnið árið 2014, 80 prósent sögðu að ástæðan fyrir heimsókninni væri Móna Lísa.



Móna Lísa er gríðarlega vinsæl og er samkvæmt Heimsmetabók Guinness dýrasta listaverk sem til er, metin á um 800 milljónir dollara sem eru ansi margir milljarðar króna. Átta af hverjum tíu sem koma á safnið koma til að skoða verkið.



**MÓNA LÍSA VAR TIL SÝNIS Í TVO DAGA Á UFFIZI-SAFNINU Í FLÓRENS Á ÍTALÍU, UNDIR VÖKULU AUGA VARÐANNA.**


LA DOMENICA DEL CORRIERE

Forsíðan á La Domenica del Corriere þann 3. september 1911. Þjófnaðurinn vakti að vonum mikla athygli í Frakklandi og upp komu ýmsar kenningar um hvarf Mónu Lísu. Flestir töldu þó ekki líklegt að hér hefðu fagmenn verið að verki því þeir hefðu án efa gert sér grein fyrir því hversu hættulegt væri að koma svo frægu listaverki í verð.



Vincenzo Peruggia í réttarsalnum í Flórens árið 1914, vel gætt af vopnuðum vörðum.



Bros auglýsingavörur **með þínu merki**

Skoðaðu litríkt úrval og fáðu tilboð á **bros.is**

Bros auglýsingavörur
Norðlingabraut 14

25 1993-2018 BROS AUGLÝSINGAVÖRUR – með þínu merki






**HÉR Á AÐ SJÁST HVERNIG PERUGGIA BAR SIG AÐ INNI Á SAFNINU. EKKERT SÉRSTAKLEGA FLÓKIÐ EN ÁRIÐ VAR JÚ 1911.**



**PERUGGIA SAGÐI AÐ HANN HEFÐI STOLIÐ VERKINU FYRIR FÖÐURLANDIÐ ÍTALÍU. ÞAR ÆTTI ÞAÐ HEIMA. SAGNFRÆÐINGAR EFAST ÞÓ UM ÞAÐ ENDA REYNDI HANN AÐ SELJA VERKIÐ. HANN SAT INNI Í SJÖ MÁNUÐI.**

**MÓNA LÍSA KOM AFTUR TIL FRAKKLANDS ÞANN FJÓRÐA JANÚAR ÁRIÐ 1914 OG HEFUR EKKI FÆRT SIG UM SET SÍÐAN.**


DACIA

# Nýr Dacia Sandero




Stór bíll, lágt verð!

1.990.000 kr.

www.dacia.is

Dacia bílar hafa fyrir löngu sannað ágæti sitt með framúrskarandi endingu og hagstæðu verði.
Nýr Dacia Sandero er rúmgóður millistærðarbíll á verði smábíls. Verið velkomin í reynsluakstur!

ENNEMM / SÍA / NM88081

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is








Gunni Ben og Snæbjörn á fyrstu æfingu í gær. „Ég finn það strax, það eru hnökrar hér og þar og síðast var ég með hjartað í buxunum yfir að við værum að fara að verða okkur til háborinnar skammar. Núna treysti ég öllum og sit núna úti í sal og drekk í mig hvern einasta hljóm og nýt í botn,“ segir Snæbjörn. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Hér eru ekkert nema andskotans snillingar

Skálmöld og Sinfóníuhljómsveit Íslands, ásamt Karlakór Reykjavíkur, kammerkórnum Hymnodia og Barnakór Kársnesskóla, blása til veislu næstu daga í Hörpu sem rúmlega 7.200 manns munu njóta.

Þetta er ekki neitt leiðinlegt. Djöfull sem þetta er skemmtilegt. Þetta er alveg eins súrrealískt og síðast. Hæfileikarnir í þessari sinfóníuhljómsveit eru svo ævintýralegir. Manni líður stundum eins og það sé ekki mannlegt hvað þessi hljómsveit er góð,“ segir Snæbjörn Ragnarsson í Skálmöld en æfingar hófust í gær fyrir komandi verkefni hljómsveitarinnar og Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Uppselt er á ferna tónleika en enn eru nokkrir miðar til á tónleikana á morgun. Það má því reikna með að um 7.200 manns muni mæta en Eldborg tekur 1.800 manns. Þetta er í annað sinn sem hljómsveitirnar leiða saman hesta sína en auk þeirra verða Karlakór Reykjavíkur, kammerkórinn Hymnodia og Barnakór Kársnesskóla með þeim á sviðinu.

„Hér þurfa allir að vera klárir og þá er gott að eiga bestu sinfóníuhljómsveit í heimi. Við pössuðum okkur á að vera búnir að æfa alveg í drep og erum búnir að vera í miklu sambandi við Harald Sveinbjörnsson sem útsetur þetta allt saman, þannig að við erum með okkar parta alveg á hreinu.

Og við vitum að þetta er ævintýralega mikið tæknimál. Það er verið að notast við öll möguleg tæki til að láta þetta ganga upp og allir mixerar komnir út á gólf og það eru ekkert nema andskotans snillingar að vinna hérna,“ segir Snæbjörn hrifinn.

Talið verður í fyrstu tónleikana annað kvöld klukkan 20. Fram að því verður æft og örlítil atriði löguð til en Bernharður Wilkinson mun stýra öllu því sem fram fer á sviðinu. „Mikið ofurmenni, hann Bernharður. Hann er með eitthvað sem við hinir höfum ekki. Fordómalaus, svo grjótharður, en á sama tíma alveg ofboðslega almennilegur.“



Bernharður Wilkinson í stuði. „Við finnum að hann ber virðingu fyrir því sem við erum að gera – þó að við séum hvor á sinni blaðsíðunni,“ segir Snæbjörn.

**ÁN ÞESS AÐ MAÐUR SÉ AÐ ÝKJA, ÞÁ ER ÞETTA EINN AF HÁPUNKTUM ÆVI MANNS. ÞAÐ ER BARA ÞANNIG. HVAÐ ER STÆRRA SEM TÓNLISTARMAÐUR?**

**KOMANDI TÓNLEIKAR**

**22. ágúst kl. 20.00**
Eldborg | Örfáir miðar eftir

**23. ágúst kl. 20.00**
Eldborg | Uppselt

**24. ágúst kl. 20.00**
Eldborg | Uppselt

**25. ágúst kl. 17.00**
Eldborg | Uppselt

Snæbjörn segist varla geta beðið eftir að telja í annað kvöld fyrir framan fullan sal af fólki. „Án þess að maður sé að ýkja, þá er þetta einn af hápunktum ævi manns. Það er bara þannig. Hvað er stærra sem tónlistarmaður? Ég veit ekki hvað það ætti að vera. Það toppar ekkert að fá börnin sín í þennan heim en þetta er stutt þar á eftir.“

**benediktboas@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@frettabladid.is, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is*. **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@frettabladid.is

LG
Life's Good

# LG SUPER UHD SJÓNVARP Á ÓMÓTSTÆÐILEGU TILBOÐI!



LG SUPER UHD TV
Nano Cell™ Display

Super UHD sjónvarp með Nano Cell skjátækninni gefur skýrari liti og betri mynd frá öllum sjónarhornum.

Multi HDR tækni Dolby Vision, webOS 3.5 netviðmóti Magic Remote fjarstýringu sem gerir allar stillingar einfaldari ásamt Netflix 4K hnappi.

30.000 AFSLÁTTUR
49SK7900
**LG 49" SUPER UHD SMART SJÓNVARP**
~~139.990~~ KR. TILBOÐ 109.990 KR.

50.000 AFSLÁTTUR
55SK7900
**LG 55" SUPER UHD SMART SJÓNVARP**
~~179.990~~ KR. TILBOÐ 129.990 KR.

60.000 AFSLÁTTUR
65SK7900
**LG 65" SUPER UHD SMART SJÓNVARP**
~~229.990~~ KR. TILBOÐ 169.990 KR.

**BETRA BORGAR SIG**
Opið virka daga 10 – 18 · Laugardaga 11 – 16

RAFLAND
Síðumúla 2-4 | 520 7900 | rafland.is

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5800
Ritstjórn 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild 512 5401 auglysingar@frettabladid.is Prentun Ísafoldarprentsmiðja
ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.
Póstdreifing Dreifing dreifing@postdreifing.is Ef blaðið berst ekki 800 1177

BAKÞANKAR

Hauks Arnar Birgissonar



# Heilbrigð skynsemi

Fyrir skemmstu voru fluttar fréttir af því að rekstraraðili meðferðarheimilis á Norðurlandi hefði greitt arð úr félaginu upp á tæpar 42 milljónir króna „á síðustu árum“. Meðferðarheimilið er fyrir ungmenni og er greiðandi þjónustunnar hið opinbera. Þessi frétt var flutt í mörgum fjölmiðlum og flestir áttu þeir það sameiginlegt að gera hagnaðinn tortryggilegan og virtist markmiðið vera það að kasta rýrð á rekstur heimilisins. „Tugmilljóna arður af meðferð fyrir börn“ var ein fyrirsögnin. Svolítið gildishlaðið, verð ég að segja. Svo þegar fréttin var lesin í heild sinni kom í ljós að arðgreiðslurnar í fyrirsögninni voru samtala síðastliðinna tíu ára þannig að þær höfðu verið um fjórar milljónir á ári. Það kallast nú seint ofurarðgreiðslur af rekstri fyrirtækis sem, vel á minnst, hefur bjargað fjölda ungmenna og fjölskyldum þeirra.

Það er merkilegt að hugsa til þess hversu neikvætt það er í huga margra að fyrirtæki á heilbrigðis- eða velferðarsviði skuli vera vel rekin. Slíkt er beinlínis litið hornauga og sumir fjölmiðlar ala á einhverri undarlegri andúð gagnvart slíkum rekstri, eins og þeir hafi sérstaka hagsmuni af niðurstöðunni. Það á að vera sjálfsagt mál að rekstur þessara fyrirtækja sé góður svo fleiri hafi áhuga á því að takast á við hann og bjóða upp á betri þjónustu en aðrir á sama sviði. Þannig verða til fleiri valkostir fyrir fólk.

Við eigum ekki að ætlast til þess að fólk á heilbrigðissviði gefi vinnuna sína, frekar en aðrir. Eða það fái einungis greidd þau laun sem ríkið er tilbúið að greiða því. Það er virkilega sorglegt að starfsfólk á heilbrigðissviði hafi engan annan viðsemjanda en hið opinbera þegar kemur að því að semja um kaup og kjör. Þessu fólki ber að hampa en ekki rægja það.







